Segja plasti stríð á hendur

Lífið ➤ 32

Klám og tónlist

Menning ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ

172. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 2. SEPTEMBER 2021

Forvitnir ferðamenn fylgdust með ungum ofurhugum kæla sig niður í blíðunni á Akureyri með því að stökkva í sjóinn við Hof, menningarsetur Akureyrar. Ágústmánuður var sá heitasti frá upphafi mælinga á Akureyri eftir að júlímánuður var einnig sá hlýjasti frá upphafi og virðist ekkert lát á góðviðrisdögum í höfuðborg norðursins. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ungmennum með þroskahömlun ekki enn tryggður réttur til náms

Þrátt fyrir lög sem tryggja eiga aðgang fólks með þroskahömlum að námi nýtur það ekki sömu tækifæra og aðrir.

ser@frettabladid.is

MENNTAMÁL „Enn er það svo að ungmenni með þroskahömlun njóta ekki sömu tækifæra til framhaldsnáms og aðrir Íslendingar á sama aldri," segir Sara Dögg Svanhildardóttir, verkefnisstjóri við samhæfingu námsframboðs og atvinnutækifæra hjá Landssamtökunum Þroskahjálp.

„Kerfið veit nákvæmlega hvað það eru margir í þessum hópi í hverjum árgangi, en virðist hafa gleymt því þegar hvert skólaár byrjar," segir Sara Dögg enn fremur. „Samfélagið er enn að hafna þessum hópi fólks."

Hálfur annar áratugur er frá því að aðgengi fólks með þroskahömlun að framhaldsskólanámi var tryggt með lögum. Sara Dögg segir að fjármagn hafi aldrei fylgt þeirri lagabreytingu. Fyrir vikið hafi aðbúnaður fyrir framhaldsnám fólks með þroskahömlun ekki verið sem skyldi, hvorki hvað rými varðar né fjölda nemenda.

„Þess vegna er enn þá allur gangur á því hvort ungmenni með þroskahömlun komast í framhaldsskóla á

Saga Dögg Svanhildardóttir verkefnisstjóri.

haustin. Skólarnir þurfa að velja og hafna vegna plássleysis," segir Sara Dögg. „Og í rauninni eru þetta ekki nema tíu til tólf skólar á landinu, aðallega í Reykjavík, sem telja sig geta sinnt starfsbrautarnáminu fyrir þennan nemendahóp."

Sara segir Menntamálastofnun hafa biðlað reglulega til skólayfirvalda um að taka við fleiri nemendum með þroskahömlun, en svörin hafi verið rýr og úrbætur engar. „Það komast um 50 nemendur með þroskahömlun í framhaldsnám á ári – og ef það eru fleiri í árganginum þá komast þeir einfaldlega ekki að. Þeirra bíður þá ekkert."

Og ekki segir Sara ástandið í háskólum landsins betra. „Það er pláss fyrir tólf manns í diplómanám, það er allt og sumt," segir hún. „Í dag er það svo að ungmenni með þroskahömlun þrá að komast í alls kyns verknám, tækninám og listnám, líka á háskólastigi, en koma þar að lokuðum dyrum. Við sem samfélag erum einfaldlega ekki enn búin að tryggja þeim rétt til náms." ■

Tómlegt úrval á fasteignamarkaði

FASTEIGNIR „Varan í hillunum er sums staðar nánast búin," segir Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala, um stöðu mála.

Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala.

Kjartan segir að það sem hafi leitt til gríðarlegrar aukningar í sölu fasteigna á einu ári sé uppsöfnuð eftirspurn, breytingar á markaði og ýmis ruðningsatriði. Fasteignasalar telja að ásókn í nágrannabyggðir haldi áfram að aukast. SJÁ SÍÐU 4

Kveður Kolbein hafa veitt áverka

gar@frettabladid.is
urduryrr@frettabladid.is

KNATTSPYRNA Íslenska karlalandsliðið leikur í kvöld heimaleik í undanriðli fyrir HM í Katar á næsta ári.

Kolbeinn Sigþórsson sem tekinn var út úr hópnum vegna ofbeldismáls frá 2017 þar sem hann greiddi tveimur konum bætur og þrjár milljónir til Stígamóta sendi frá sér yfirlýsingu um málið í gær.

Kolbeinn Sigþórsson knattspyrnumaður.

„Ég kannaðist ekki við að hafa áreitt þær eða beitt ofbeldi og neitaði sök. Hegðun mín var hins vegar ekki til fyrirmyndar," segir meðal annars í yfirlýsingu Kolbeins.

„Það er klárlega munur á því að ráðast á tvær ungar stelpur og skilja eftir áverka og að hegða sér ekki sæmilega," sagði önnur kvennanna, Þórhildur Gyða Arnarsdóttir, í gær. „Við erum báðar með áverkavottorð og ýmislegt sem við gætum sýnt fram á."

Gísli Gíslason, annar tveggja starfandi formanna KSÍ, kvaðst í gærkvöldi ekki vilja tjá sig um yfirlýsingu Kolbeins Sigþórssonar. ■

Friðsæld innan um fuglana

Hópur göngugarpa sést hér á ferð sinni um Hornstrandir en einstaklingarnir gleymdu ekki að njóta stundarinnar og fylgjast með skrautlegu lífríkinu í fjarska. Hið friðlýsta svæði nýtur gríðarlegs áhuga gönguhópa enda algjör friðsæld í fjarska frá streitu daglegs lífs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjörutíu þúsund með ónýtta ferðagjöf

kristinnpall@frettabladid.is

FERÐALÖG Þegar einn mánuður er eftir af ferðagjafartímabili íslenskra stjórnvalda hafa tæplega 129 þúsund sótt gjöfina og rúmlega helmingur þeirra, 70 þúsund, hafa nýtt hana til fulls.

Heilt yfir hefur ferðagjöfin verið nýtt til þess að greiða 411 milljónir króna hjá íslenskum fyrirtækjum. Þetta kemur fram á mælaborði ferðaþjónustunnar.

Gildistími ferðagjafarinnar er til 30. september en þegar mánuður var eftir voru tæplega 44 þúsund ónotaðar ferðagjafir og rúmlega fjórtán þúsund sem voru ekki fullnýttar. Það eru því 234 milljónir sem á eftir að nýta í ferðagjöf af því sem búið var að sækja en það gæti bæst í það á næstu dögum.

Flestir nota ferðagjöfina á höfuðborgarsvæðinu og á veitingastöðum

Baðlónið Sky Lagoon hefur tekið við ferðaávísunum fyrir 25 milljónir á fyrsta starfsári sínu.

en N1 hefur tekið við flestum ferðagjöfum eða fyrir um 31 milljón króna. Þá hafa margir Íslendingar nýtt ferðagjöfina til að greiða ferð í baðlón en Sky Lagoon í Kópavogi, Jarðböðin á Mývatni og Vök Baths á Egilsstöðum eru meðal þeirra tíu fyrirtækja sem hafa tekið við flestum ferðagjöfum. ■

Skoti af skemmtiferðaskipi í áttatíu ára sporum pabba

Hamish Jonston kom hingað til lands í ágúst með skemmtiferðaskipi sem lagðist í höfn á Seyðisfirði. Þar tölti hann að Hótel Öldu og tók mynd á sama stað og faðir hans hafði staðið þegar hann kom til fjarðarins í stríðinu 1942.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Að standa á sama stað og pabbi stóð 1942 var mér ákaflega mikilvægt og eftirminnilegt," segir Hamish Johnston sem kom til Íslands nú í ágúst með skemmtiferðaskipinu MS Borealis og stoppaði meðal annars á Seyðisfirði þar sem hann stóð fyrir utan Hótel Öldu og lét smella af sér mynd á nákvæmlega sama stað og faðir hans, Douglas Johnston, stóð.

Faðir hans kom árið 1942 með svokallaðri PQ14-skipalest sem var á leiðinni til Murmansk í Rússlandi. HMS Edinburgh og HMS Bulldog stoppuðu á Seyðisfirði í aprílmánuði en um borð í HMS Bulldog var læknir um borð téður Douglas Johnston.

Samkvæmt Hamish var faðir hans skíðagarpur og fékk leyfi og tíma til að fara í land. Hann fékk skíði lánuð frá bæjarbúa og skoðaði bæinn. Við búðina Jón G. Jónasson var svo smellt af mynd sem Hamish hefur átt og viljað lengi feta í nákvæmlega þessi spor föður síns.

Sjóleiðin til Murmansk frá Íslandi var ein hættulegasta för sem hægt var að fara í. Fara þurfti norður fyrir Noreg og þar voru Þjóðverjar með bækistöðvar fyrir kafbáta, orrustuskip og flugvélar. Siglingaleiðin var langstyst en jafnframt hættulegust og Þjóðverjum tókst að granda fjölmörgum skipum sem höfðu viðkomu hér á landi.

Skipalestin frá PQ14 komst til Murmansk en á leiðinni heim varð

Douglas Johnston hér til vinstri árið 1942 og sonur hans Hamish á sama stað.

> Að standa þarna þar sem pabbi stóð 1942, það stóð upp úr í annars eftirminnilegri ferð.

Hamish Johnston

HMS Edinburgh fyrir tundurskeyti. Hamish segir að HMS Bulldog, þar sem faðir hans var um borð, hafi náð að sökkva nokkrum þýskum tundurspillum sem höfðu reynt að granda HMS Edinburgh, uns allt kom fyrir ekki og skipinu var grandað. Samkvæmt Wikipediu var það með nokkur tonn af gulli sem átti að fara til Englands.

Nú í ágúst komu þau Hamish og eiginkona hans Jill með MS Borealis, sem var fyrsta skemmtiferðaskipið sem sigldi með breska ferðamenn eftir Covid-faraldurinn.

Hamish segir að hann hafi vitað að gamla búðin hefði verið endurgerð sem Hótel Alda og það var tilfinningarík stund þegar hann stóð fyrir framan hótelið á sama stað og faðir hans.

„Þetta var fyrsta heimsókn okkar til Íslands. Við fórum til Reykjavíkur, Ísafjarðar og Akureyrar þar sem við sáum ótrúlega margt fallegt. En að standa þarna þar sem pabbi stóð 1942, það stóð upp úr í annars eftirminnilegri ferð. Við Jill getum ekki beðið eftir að koma aftur til að sjá meira af Íslandi." ■

Tívítilboð

Nýtt
Apple TV

Vertu með Ljósleiðara hjá Nova og fáðu splunkuflunkunýtt Apple TV á 19.990 kr.

Apple
Apple TV 4K 2021
~~33.990 kr.~~
19.990 kr.

19.900 kr. með Ljósleiðara hjá Nova

Drífðu þig á ljóshraða í næstu verslun og nældu þér í nýjustu glápgræjuna frá Apple áður en allt klárast.

STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR HEIMILIS

NOVA

Nærri fimmtungur með heilkenni sem veldur ófrjósemi

linda@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ástæður ófrjósemi kvenna eru miklu fleiri og flóknari en almennt er þekkt, segja Rakel Þórðardóttir og Ragnhildur Gunnarsdóttir sem báðar eru með svokallað PCOS, eða fjölblöðrueggjastokkaheilkenni.

Nafnið segir þó ekki alla söguna. Rakel og Ragnhildur vinna að stofnun samtaka um heilkennið. Talið er að á milli 12 til 20 prósent kvenna um allan heim hafi heilkennið sem veldur ófrjósemi kvenna.

Einkennin geta verið blöðrur á eggjastokkum, hárvöxtur í andliti, hálsi, bringu og víðar. Graftarbólur á baki og öxlum auk sýkinga víða um líkamann. Aukin hætta á sveppasýkingum í húð og stundum verður hárlos eða skallablettir á höfði.

> Allt í einu eru þær bara komnar með skegg.
>
> Rakel Þórðardóttir.

„Þetta getur byrjað bara mjög snemma hjá konum, þegar þær eru að byrja á kynþroskaaldrinum og allt í einu eru þær bara komnar með skegg," sagði Rakel sem ræddi málið ásamt Ragnhildi á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi. Þekkingin á þessum fjölþætta vanda geti orðið til þess að betri meðferðir fáist fyrir konur og koma megi í veg fyrir ófrjósemi.

„Það vantar aukna fræðslu og meiri rannsóknir," segir Ragnhildur. Sjálf var hún strax á unga aldri með meðal annars með óeðlilegar og miklar tíðir og átti í áralangri baráttu til að eignast barn. „Það er ekki vitað hvað veldur þessu nákvæmlega," segir hún. Samtökin verða stofnuð 8. september. ■

Fjör á Akueryri í sumar. MYND/RAKEL

Yfir tuttugu stiga hiti í tvo mánuði

helenaros@frettabladid.is

VEÐUR Ágústmánuður er sá hlýjasti eða með þeim hlýrri frá upphafi mælinga á Íslandi, segir Kristín Björg Ólafsdóttir, veðurfarsfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Hitinn hefur farið yfir 20 gráður einhvers staðar á landinu í 59 daga í sumar og ber júlí af með 29 daga. Meðalhitinn á Akureyri og Egilsstöðum í júní, júlí og ágúst var yfir meðallagi síðustu 30 ára.

Í júlí var meðalhitinn á Akureyri 14,3 stig sem er hlýjasti júlímánuður þar frá upphafi mælinga. Í ágúst var 14,2 stiga meðalhiti og er það einnig hlýjasti ágúst þar frá upphafi.

Á Egilsstöðum var meðalhitinn í júlí 13,5 stig og er það hlýjasti júli frá 1955. Meðalhitinn í ágúst var 12,6 stig sem er hlýjasti ágúst frá 2003. ■

Fyrirtæki fari sparlega með vatn

kristinnpall@frettabladid.is

MÚLAÞING Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings í gær var tekin staða á vatnsbólum sveitarfélagsins í ljósi mikilla þurrka undanfarið.

Kom meðal annars fram að staðan væri verst á Borgarfirði eystri þar sem fyrirtæki hafa verið beðin um að fara sparlega með vatn. ■

Íbúðirnar eru að klárast í hillunum

Covid-áhrifin hafa leitt til mikillar fasteignasölu og jafnvel þurrkað upp markaðinn á völdum stöðum. Nágrannasveitarfélög Reykjavíkursvæðisins fá til sín íbúa sem annars hefðu valið að búa í borginni.

bth@frettabladid.is

Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala, við Hlíðarenda. Nánast hver einasti fermetri á markaði í nýbyggingunum hefur selst, þvert á spár fyrir Covid. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FASTEIGNIR Sögulega lítið er af fasteignum til sölu á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi eru um að eignir á söluskrá tiltekinna fasteignasala séu aðeins þriðjungur þess sem áður var.

Framboðsekla og verðhækkanir á eignum hafa leitt til vaxandi húsnæðisásóknar í nágrenni höfuðborgarinnar, svo sem í Reykjanesbæ og Árborg. Þar hefur fasteignaverð stigið hratt síðustu mánuði.

„Varan í hillunum er sums staðar nánast búin," segir Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala.

Kjartan segir að það sem hafi leitt til 60 prósenta aukningar í sölu fasteigna síðustu tólf mánuði og nánast tæmt húsnæðishillurnar, einkum á völdum stöðum í höfuðborginni, hafi verið uppsöfnuð eftirspurn, breytingar á markaði, sögulega hagfelld lánakjör og ýmis ruðningsatriði.

Einnig séu dæmi um að fólk sem fyrir Covid hefði ávaxtað fé sitt í bönkum, fjárfesti nú í steinsteypu. Dæmi séu um að fólk sem búi svo vel að eiga umframfé og hafi ekki tök á að ávaxta það í bönkum kaupi húsnæði sérstaklega til að leigja það út. Allt hefur þetta lagst á eitt um að fækka kostum á markaði.

„Nú súpum við seyðið. Það myndaðist bil. Við þurfum að hinkra eftir næstu gusu nýbygginga sem dettur inn á næstu tólf mánuðum," segir Kjartan. Fyrir faraldurinn hafi margir haft áhyggjur af óseldum nýbyggingum, bankar hafi jafnvel haldið að sér höndum í að fjármagna ný verkefni. Sem dæmi voru um tíma miklar úrtölur vegna Hlíðarendabyggingannа en þar hefur nú nánast allt selst af því sem þegar er komið á markað.

> Fasteignsali segir að enn megi fá fínt raðhús í Reykjanesbæ fyrir verð tveggja herbergja íbúðar í höfuðborginni.

Kristján Baldursson, hjá fasteignasölunni Trausta í Reykjavík, er í hópi þeirra fasteignasala sem segjast finna fyrir töluverðri ásókn í ýmsar byggðir nálægt Reykjavíkursvæðinu. Skýringarnar séu þó fleiri en verðhækkun húsnæðis í borginni og íbúðaskortur. Greiðar samgöngur og tvöföldun akreina vegi sem dæmi þungt.

Aðrir fasteignasalar sem blaðið ræddi við segja að í biðinni eftir því sem formaður þeirra kallar næstu gusu húsnæðisframboðs á höfuðborgarsvæðinu verði væntanlega áframhaldandi aukin ásókn í nágrannabyggðir. Frekari verðhækkanir gætu verið í pípunum þar með tilliti til lögmáls framboðs og eftirspurnar.

Einn fasteignasalanna nefnir að enn sé þó hægt að fá fínt raðhús í Reykjanesbæ fyrir verð tveggja herbergja íbúðar á völdum stöðum í borginni. ■

ÍSBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

GIRNILEG HELGARTILBOÐ

GILDA 2.–5. SEPTEMBER

NAUTAMÍNÚTUSTEIK
Í CAJUN-PIPARMARÍNERINGU

KJÖTSEL

2.279 KR/KG
ÁÐUR: 3.799 KR/KG

40% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL

40% AFSLÁTTUR

Grísakinnar
Marínerað ar
827 KR/KG
ÁÐUR: 1.379 KR/KG

KJÖTSEL

40% AFSLÁTTUR

Bæjonskinka
Kjötsel
1.269 KR/KG
ÁÐUR: 2.115 KR/KG

NORÐLENSKA

20% AFSLÁTTUR

Nautaframfillet
Í hvítlaukspipar
4.399 KR/KG
ÁÐUR: 5.499 KR/KG

Heilsuvara vikunnar!

25% AFSLÁTTUR

C-1000
NOW - 250 stk
2.774 KR/STK
ÁÐUR: 3.699 KR/STK

25% AFSLÁTTUR

Humarhalar
Blandaðir - 600 g
2.999 KR/PK
ÁÐUR: 3.999 KR/PK

GOÐI

25% AFSLÁTTUR

Grillpylsur, osta
260 g - 7 stk
524 KR/PK
ÁÐUR: 699 KR/PK

Epli
Pink Lady - 4 stk
299 KR/PK
ÁÐUR: 598 KR/PK

50% AFSLÁTTUR

35% AFSLÁTTUR

Durum-brauð
612 g
298 KR/STK
ÁÐUR: 459 KR/STK

35% AFSLÁTTUR

Pecan-vínarbrauð
149 KR/STK
ÁÐUR: 229 KR/STK

FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

nettó **Lægra verð – léttari innkaup**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM**
með og án rafmagns lyftibúnaði

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | **nyform.is**

Útboð

Lífsgæðasetur St. Jó - uppbygging á 4. hæð

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum verktaka í uppbyggingu 4. hæðar Suðurgötu 41 í Hafnarfirði.
Verkhluti (starfsgrein) er: Trésmíðar

Á vegum verktaka skal vera húsasmíðameistari, með löggildingu iðnmeistara skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og byggingarlögum nr. 54/1978. Á vegum verkkaupa er byggingarstjóri vegna uppbyggingar á 4. hæð. Á sama tíma og verkið stendur yfir verða framkvæmdir í gangi á 1., 3. og 4. hæð.

Útboðsgögn verða send rafrænt til þeirra aðila sem eftir því óska með beiðni á netfangið: **utbod@vsb.is**. Í beiðni skal koma fram nafn lögaðila og tengiliðar, símanúmer og netfang vegna samskipta. Tilboðum skal skilað í síðasta lagi **13.09.21**. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en **10.12.21**.

Nánar á:
hfj.is/utbod

Hafnarfjörður

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

X2021

Málin sem brenna á stjórnmálaflokkunum

Tæpur mánuður er nú til næstu alþingiskosninga og stjórnmálaflokkar eru í óðaönn að kynna þær áherslur sem þeir vilja að næsta ríkisstjórn hafi að leiðarljósi. Fréttablaðið hefur undanfarna daga gert þeim flokkum sem mælast inni á þingi skil og fjallað lauslega um stefnu þeirra.

thorgrimur@frettabladid.is, kristinnpall@frettabladid.is

Loftslagsmál og ný stjórnarskrá

Píratar hlutu rúm níu prósent atkvæða og sex þingmenn í kosningunum 2017, sem var nokkuð lakara en þeir náðu í kosningunum árið áður. Í könnunum hefur flokkurinn mælst með um ellefu til þrettán prósenta fylgi.

Helstu áherslur:
1. Efnahags- og loftslagsmál: Píratar mæla fyrir kerfisbreytingum til þess að takast á við loftslagsvána. Þá taki efnahagsstjórn mið af þeim í auknum mæli. Þá telja þeir að endurskipuleggja verði stjórnsýslu og hefja samstarf við aðila vinnumarkaðarins.

2. Ný stjórnarskrá: Píratar vilja innleiða stjórnarskrá stjórnlagaráðs. Muni innleiðingin fela í sér frekari lýðræðisumbætur, mannréttindi og stjórnarskrárbundið auðlindaákvæði.

3. Spillingarvarnir og réttlæti: Píratar boða ýmsar aðgerðir gegn sérhagsmunum og óæskilegum áhrifum stjórnmálamanna og fyrirtækja. Telur flokkurinn að aðgerðir þeirra muni leggja grunninn að betra samfélagi.

Hærri barnabætur og alvöru loftslagsaðgerðir

Samfylkingin hlaut um tólf prósent atkvæða og sjö þingmenn í kosningunum 2017. Að undanförnu hefur Samfylkingin mælst með fylgi í kringum ellefu prósent.

Helstu áherslur:
1. Barna- og fjölskyldumál: Samfylkingin vill greiða barnafjölskyldum hærri barnabætur og gera það í hverjum mánuði. Jafnframt vill flokkurinn hækka þak á greiðslur í fæðingarorlofi í samræmi við launaþróun.

2. Eldri borgarar: Flokkurinn vill hækka mánaðarlegt frítekjumark eldra fólks vegna lífeyrissjóðsgreiðslna úr 25 þúsund krónum í 50 þúsund krónur.

3. Loftslagsmál: Samfylkingin vill að losun gróðurhúsalofttegunda verði dregin saman um minnst sextíu prósent fyrir árið 2030. Flokkurinn vill jafnframt hefja undirbúning að Keflavíkurlínu sem yrði grænn tenging milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar og styðja tæknilausnir til að fanga og farga kolefni.

Grænn störf og jafnrétti kynjanna

Vinstri grænn fengu síðast ellefu þingmenn með tæplega sautján prósentum atkvæða. Í könnun Gallup á dögunum mældist flokkurinn með fjórtán prósenta fylgi.

Helstu áherslur:
1. Umhverfismál: VG vill að Ísland sé í forystu um róttækar, raunhæfar og réttlátar aðgerðir í umhverfismálum, draga úr losun, efla grænna fjárfestingu og auka kolefnisbindingu.

2. Heilbrigt atvinnulíf: Fjölbreytt atvinnulíf er heilbrigt atvinnulíf segir VG. Skapa á ný og fjölbreytt grænn störf eftir Covid og koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Tryggja félagslegar áherslur í uppbyggingunni, öflugri stuðning við barnafjölskyldur og bætta framfærslu hinna tekjulægri.

3. Jafnrétti: VG segir jafnrétti kynjanna og mannréttindi allra vera undirstöðu heilbrigðs lýðræðissamfélags. Halda eigi áfram að útrýma kynbundnu ofbeldi í samfélaginu og launamun kynjanna.

Hægt er að nálgast umfjöllun um áherslur flokkanna í aðdraganda kosninganna á vef Fréttablaðsins

Bærinn hjálpi svo ekki þurfi að neita Garðbæingum um kistugrafir

gar@frettabladid.is

GARÐABÆR „Útlit er fyrir að kistureitir Garðakirkjugarðs munu fyllast áður en árinu 2022 lýkur og því áríðandi að fyrirhuguð stækkun verði framkvæmd sem allra fyrst," segir í bréfi Garðasóknar þar sem óskað er eftir auknu fjárframlagi.

Garðasókn segir rekstrarstöðuna erfiða og biður um aukna þátttöku Garðabæjar í áætluðum 47,2 milljóna króna kostnaði við stækkunina. „Jafnframt er farið fram á að bærinn hraði vinnu sinni eins og unnt er við undirbúning og framkvæmd verksins svo ekki komi upp sú erfiða staða að neita þurfi bæjarbúum um kistugrafir í garðinum." ■

Garðakirkja og Garðakirkjugarður eru á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LANCÔME
PARIS

24H FULL COVERAGE,
*MADE TO FACE IT ALL.**

TEINT IDOLE ULTRA WEAR

*FLJÓTANDI FARÐI & HYLJARI, ALLT AÐ 24 KLST ENDING OG ÞÆGINDI

GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU LANCÔME VÖRUR FYRIR 9.500 KR. EÐA MEIRA*

*Á meðan birgðir endast.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME
VÖRUM DAGANA 1. - 8. SEPTEMBER

HAGKAUP
Snyrtivara

Kvika á mikla möguleika

helgivifill@frettabladid.is

Verðmat Landsbankans á Kviku er 21 prósenti hærra en markaðsvirðið var við opnun markaðar í gær. Horfur í rekstri eru „jákvæðar“ og bankinn á mikla möguleika í samkeppni, segir í verðmati sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku.

Hagnaður Kviku á öðrum ársfjórðungi var 4,1 milljarður sem er langt umfram spá Landsbankans og í verðmatinu er sagt að líklega hafi það verið „vel umfram áætlun stjórnenda“.

Í lok annars ársfjórðungs hafði Kvika veitt áskriftarréttindi að tæpum 296 milljónum hluta eða 6,2 prósentum af hlutafé félagsins þá. Innlausnartímabil meirihluta þeirra hófst í gær. Við það myndast áhyggjur af því að stór hluti réttindanna verði innleystur og bréfin seld í kjölfarið. „Þó slík framboðsaukning geti haft áhrif til skamms tíma þá teljum við lækkun á hlutabréfaverði Kviku vegna þeirra eingöngu tækifæri fyrir fjárfesta,“ segir í verðmati Landsbankans. ■

Hækkunarleggurinn einn sá lengsti

Á 120 ára tímabili hefur ávöxtun skuldabréfa verið um þriðjungur af ávöxtun hlutabréfa. Hækkun hlutabréfa er mest í Bandaríkjunum.

helgivifill@frettabladid.is

Sigurður B. Stefánsson og Svandís Rún Ríkarðsdóttir, höfundar bókarinnar Hlutabréf á heimsmarkaði – eignastýring í 300 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hlutabréf í Bandaríkjunum hafa hækkað mun meira á undanförnum 120 árum en í öðrum löndum. Munurinn getur verið allt að 50 prósent. Á tímabilinu er raunávöxtun hlutabréfa í Bandaríkjunum 6,5 prósent en að meðaltali hefur heimsvísitalan hækkað um 4,5 prósent. Þetta segir Sigurður B. Stefánsson sem lengi hefur starfað á fjármálamarkaði og var um árabil framkvæmdastjóri VÍB.

Hann hefur gefið út nýja bók, Hlutabréf á heimsmarkaði – eignastýring í 300 ár, ásamt Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðsstjóra eignastýringar hjá Lífeyrissjóðnum Brú. Fyrir fimm árum gáfu þau út bókina Lesið í markaðinn.

„Í fyrri bók okkar Svandísar, Lesið í markaðinn, erum við að rekja hvernig mismunandi aðferðir sem beitt er við val og stýringu á hlutabréfum urðu til í tímans rás, það er sögulega. Í mínum huga er nauðsynlegt að kunna skil á því efni til að skilja hvers vegna mismunandi aðferðum er beitt,“ segir Sigurður. „Í bókinni Hlutabréf á heimsmarkaði er áherslan á fjárfestingu og eignastýringu á alþjóðlega markaðnum, það er hvernig hlutabréf eru valin og þeim stýrt þegar mörg lönd og fjölmargir gjaldmiðlar koma við sögu,“ segir hann.

Sigurður segir að á 120 ára tímabili hafi ávöxtun skuldabréfa verið um þriðjungur af ávöxtun hlutabréfa. Undanfarna fjóra áratugi hafi vextir farið lækkandi í heiminum. Árið 1986 hafi til að mynda verið hægt að fá 8,5 prósenta raunávöxtun á spariskírteinum ríkissjóðs. „Lækkandi vöxtum hefur fylgt gengishagnaður af skuldabréfum. Nú eru vextir í sögulegu lágmarki en þó farnir að hækka. Afleiðing er sú að skuldabréf skila ekki góðri ávöxtun og hækkandi vöxtum fylgir gengistap á skuldabréfum. Það er því ekki líklegt að þennan áratug geti skuldabréf staðið undir uppbyggingu eigna. Þess vegna hlýtur áherslan að vera á hlutabréf eins og endurspeglast hefur á hlutabréfamarkaði undanfarin tvö ár eða svo, bæði hérlendis og í Bandaríkjunum,“ segir hann.

Svandís segir æskilegt fyrir fjárfesta að líta út fyrir landsteinana þegar fjárfest sé í hlutabréfum til að auka áhættudreifingu í ljósi þess hve íslenski markaðurinn er lítill. Sigurður segir að boðskapur bókarinnar sé að heimsmarkaður sé okkar heimamarkaður vegna þess hve mikið heimurinn hefur skroppið saman með fjarskiptatækni.

> **Það er því ekki líklegt að þennan áratug geti skuldabréf staðið undir uppbyggingu eigna.**
>
> Sigurður B. Stefánsson, fjárfestir og rithöfundur.

Svandís segir að besta leiðin til að meta alþjóðlega markaði sé að horfa til hlutfallslegs styrks þegar alþjóðleg eignasöfn séu sett saman. Með því á hún við að rýna í hvaða markaðir hafi hækkað mest á tilteknu tímabili.

Sigurður segir að þrátt fyrir að bandarísk hlutabréf hafi hækkað mest í heiminum undanfarin 120 ár hafi hlutabréfamarkaðir utan Bandaríkjanna hækkað meira á árunum 2002 til 2008. „Frá miðju fjármálahruni 2008 hafa Bandaríkin skarað fram úr á ný. Við leggjum áherslu á að fylgjast daglega með hlutabréfamarkaðnum því það kemur að þeim degi að þessi þróun mun snúast við,“ segir hann.

Svandís segir að þessi hækkunarleggur sé einn sá lengsti á heimsmarkaði sem sögur fari af. „Þessi bók hefur verið fimm ár í vinnslu og við höfum átt von á því að þessi bylgja sem er að rísa fari að hníga en það hefur ekki komið að því.“ ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR
SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

AUDI RS5 Quattro
Nýskr. 04/2018, ekinn 20 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 12.890.000 kr.
Rnr. 420754.

JAGUAR I-PACE S EV400
Nýskr. 09/2019, ekinn 26 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 8.490.000 kr.
Rnr. 420725.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

LAND ROVER Defender S 240d
Nýskr. 03/2021, ekinn 3 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.590.000 kr.
Rnr. 420757.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER SPORT HSE P400e
Nýskr. 05/2020, ekinn 14 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 13.990.000 kr.
Rnr. 420689.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER VOGUE P400e
Nýskr. 11/2019, ekinn 23 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 16.890.000 kr.
Rnr. 420756.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER Autobiography P400e
Nýskr. 02/2019, ekinn 26 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 19.990.000 kr.
Rnr. 148411.

APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED
Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM007284

Mættu til leiks með rétta búnaðinn

Allt sem þú þarft fyrir stöðuga og nákvæma spilun!

20% afsláttur af Sandberg Gaming vörum

Tölvumús Sandberg Eliminator
3.839 kr. VERÐ ÁÐUR 4.799 KR.

Fótskemill leikja Sandberg
14.111 kr. VERÐ ÁÐUR 17.639 KR.

Leikjaborð Sandberg Fighter
36.119 kr. VERÐ ÁÐUR 45.149 KR.

Nuddpúði Sandberg Gaming
6.639 kr. VERÐ ÁÐUR 8.299 KR.

Stóll Sandberg Commander Led
36.111 kr. VERÐ ÁÐUR 45.139 KR.

Stóll Sandberg Commander
30.383 kr. VERÐ ÁÐUR 37.979 KR.

Tölvumús Sandberg Azazin 6400
3.815 kr. VERÐ ÁÐUR 4.769 KR.

Heyrnartól Sandberg Twister
5.519 kr. VERÐ ÁÐUR 6.899 KR.

Hljóðnemasett fyrir streymi
15.119 kr. VERÐ ÁÐUR 18.899 KR.

Leikjalyklaborð Sandberg
5.919 kr. VERÐ ÁÐUR 7.399 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 6. september eða á meðan birgðir endast.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

Penninn Eymundsson

Fontur er sérlega fallega formaður bjargtangi með þverhníptum björgum sem eru heimkynni sjófugla og hvítleit af fugladriti. MYNDIR/ÓMB

Fantaflottur fontur

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari.

Langanes er 40 km langur skagi sem teygir sig til norðausturs milli Þistilfjarðar og Bakkaflóa en yst mjókkar það í tilkomumikinn bjargtanga sem kallast Fontur. Örnefnið Fontur er til á að minnsta kosti fjórum stöðum á landinu og eru þeir á austanverðu landinu, þar á meðal tveir í Norðfirði. Merking orðsins er stólpi eða staur, samanber orðið skírnarfontur yfir ker á stalli, og orðtakið að standa eins og fontur sem þýðir hreyfingarlaus. Við Font eru þverhnípt sjávarbjörg sem eru allt að 70 m há og í þeim mikið fuglalíf. Þarna stendur fallegur viti frá 1950 sem leysti af hólmi eldri vita frá 1910 og 1914 en í vitanum er sjálfvirk veðurathugunarstöð. Löngum var búið á Langanesi en byggðin var strjál, enda útnesið víða grýtt og hrjóstrugt. Í staðinn voru mikil hlunnindi af bjargfuglatekju, reka og útræði sem stundað var úr víkum, oft við erfiðar aðstæður.

Það er óhætt að mæla með heimsókn út á Langanes og víða skemmtilegar göngu- og fjallahjólaleiðir, ekki síst meðfram stórfenglegum fuglabjörgunum sem virðast endalaus. Frá Þórshöfn er 38 km akstur út á Skoruvík á Langanesi. Á leiðinni er gaman að koma við á kirkjujörðinni Sauðanesi en þar er safn í gamla prestsetrinu. Frá Skoruvík er 12 km langur jeppaslóði út á Font sem einnig er skemmtileg fjallahjólaleið. Hana má einnig ganga eða fylgja björgunum vestan megin út á Font og þræða síðan björgin austan megin til baka. Má þá koma við á Skálum og skoða rústir áður blómlegs fiskimannasamfélags og löggilts verslunarstaðar en þegar mest var bjuggu á Skálum 120 manns í kringum 1920.

Við Font er gríðarlega mikið fuglalíf og auðvelt að berja augum lunda en einnig langvíu, teistu, álku, fýl og ritu. Við Skorarvíkurbjarg er síðan reisulegur klettadrangur, Stórikarl. Þar er stærsta súlubyggð á Norðurlandi og auðvelt að fylgjast úr návígi með þessum tígulega fugli sem oft er kallaður drottning Atlantshafsins. Þarna er einnig mikið af kríu og innar á nesinu má sjá vaðfugla og sjaldgæfar jurtir eins og fléttuna klettakróða. Skammt frá vitanum er Engelskagjá, rauf sem nefnd er eftir enskri áhöfn skips, sem strandaði þar fyrir utan snemma á 18. öld, og gat klöngrast þar upp. Samt urðu mennirnir allir úti á leið til bæja úr vosbúð nema skipstjórinn. Eru skipverjarnir sagðir grafnir við trékross sem stendur við 5 km langan veg milli Skoruvíkur og Skála, en á honum er áletrunin: „Hér hvíla 11 enskir menn.“ ■



Við klettinn Stórakarl er hægt að fylgjast með súlu, drottningu Atlantshafsins, í návígi.

Skemmtilegar göngu- og fjallahjólaleiðir liggja út á Font að fallegum vitanum.

PIER

PIER KORPUTORGI | SÍMI 5227870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-18| PIER.IS

Raunveruleikinn

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Borgaryfirvöldum hefur að stærstum hluta tekist að skapa fallegan og notalegan miðbæ. Þeim sem efast um þessa fullyrðingu skal bent á að ganga Skólavörðustíginn og neðri hluta Laugavegar. Þar er mannlíf með blóma og áberandi mikið ber á himinlifandi erlendum ferðamönnum. Þeim líður greinilega mjög vel á þessu svæði. Þarna eru göngugötur með fjölda verslana og veitingastaða, bekkir sem hægt er að tylla sér á og engin þreytandi bílaumferð. Sem sagt hinn fínasti miðbær. Samt eru ekki allir lukkulegir.

Einhverjir verslunareigendur í miðbænum eru nefnilega verulega ósáttir við þau örlög sín að þurfa að lifa í nútíma þar sem einkabíllinn fær ekki sama rými og áður. Þeir lifa í fortíðarþrá sem er algjörlega á skjön við raunveruleikann. Áhersla borgaryfirvalda á göngugötur er sú sama og á sér stað í fjölmörgum borgum erlendis þar sem markmið stjórnvalda er að skapa aðlaðandi miðbæ sem laðar til sín fólk.

Enn dynja þær í eyrum útvarpsauglýsingarnar frá aðgerðahópnum Björgum miðbænum þar sem varað er við fólskuverkum borgarstjórans, Dags B. Eggertssonar. Þar fer fremstur í flokki Bolli Kristinsson. Markmið samtakanna er að forða því að borgarstjóranum og félögum hans í meirihluta borgarstjórnar takist hið meinta ætlunarverk sitt að gjöreyðileggja miðbæinn með því að hafa þar göngugötur. Þessi „eyðileggingarstarfsemi“ borgarstjórans hefur farið fram hjá meginþorra landsmanna, enda er hún tilbúningur einn. Staðreyndin er sú að miðbærinn hefur mikið aðdráttarafl og þarf ekki á neinni björgun að halda. ■

> Þessi „eyðileggingarstarfsemi“ borgarstjórans hefur farið fram hjá meginþorra landsmanna.

Grímulaus Króna

Krónan hefur afnumið grímuskyldu í verslunum sínum. Framkvæmdastjóri Krónunnar segir að viðskiptavinir og starfsfólk eigi að meta hvenær þörf sé á grímu og hvenær ekki, enda sé auðvelt að halda eins metra fjarlægðarmörkum í verslunum fyrirtækisins. Þetta er skynsamleg ákvörðun og Bónus hefur þegar tekið upp sömu reglu. Velta má fyrir sér hversu mikið gagn grímur gera. Í leiðbeiningum um grímunotkun segir að skítug gríma geri ekkert gagn og að einnota gríma sem notuð sé oftar en einu sinni geri sömuleiðis ekkert gagn. Vitað er að fjölmargir nota einnota grímu margoft, eru með hana í vasanum og draga upp við nauðsynleg tilefni. Er það ekki einmitt þetta sem sóttvarnalæknir hafði í huga þegar hann sagði grímunotkun geta skapað falskt öryggi? ■

Halldór

Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Aftur niður á jörðina
Ofbeldisumræða hefur sett óvenjulegt mark sitt á aðdraganda þriggja fótboltaleikja sem íslenska karlalandsliðið leikur í dag og næstu daga og eru liðinu afar mikilvægir. Maður hefur gengið undir manns hönd að reyna að lægja öldurnar og jafnvel látið sig hverfa af sviðinu til að tryggja liðinu starfsfrið og virtist sem samúð væri að skapast með þeim leikmönnum sem eftir standa. Ein aðalpersónan sem allir héldu að væri úr sögunni að sinni tók hins vegar upp á því í gær að sparka frá sér og þar með málinu aftur á byrjunarreit.

Sólþurrkaðir Héraðsbúar
Þau sem búa sunnan lands og vestan hafa í allt sumar þurft að þola stöðugar fregnir af miklum Spánarhitum hinum megin á landinu. Þótt sumarið hjá þessum hópi hafi svo sem verið sæmilegt er grasið oftast grænna hinum megin við lækinn og ekki laust við að öfund hafi gert vart við sig þegar best lét fyrir austan og norðan. Aðrir hafa bent á að ekki sé allt gull sem glóir og dregið fram að fyrir austan sé stöðugt rok og Héraðsbúar því vísast orðnir veðurbarðir og sólþurrkaðir í ofanálag. Gott að hafa sloppið við það. ■

Styðjum við barnafólk og nútímavæðum skattkerfið

Kristrún Frostadóttir
hagfræðingur og leiðir lista Samfylkingarinnar í Reykjavík suður.

> Fjöldi rannsókna bendir til þess að stóreignaskattur sé vel til þess fallinn að ýta undir arðbæra fjárfestingu.

Barneignir eru kostnaðarsamar fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Skortur á stuðningi við barnafólk er þó enn kostnaðarsamari fyrir samfélagið. Í norrænu velferðarsamfélögunum í kringum okkur er stutt sérstaklega við barnafólk með viðbótargreiðslum frá ríkissjóði. Barnafólk greiðir í raun lægri skatta. Hér á landi þekkir millitekjufólk ekki þetta kerfi því barnabætur skerðast nálægt lágmarkslaunum. Þessu viljum við í Samfylkingunni breyta með breyttri forgangsröðun.

Við viljum færa skattbyrðina af barnafólki og yfir á stóreignafólk. Þetta er liður í því að nútímavæða skattkerfið fyrir komandi kynslóðir. Ráðstöfunartekjur ungs fólks hafa vaxið mun hægar hér landi en þeirra sem eldri eru. Ef ráðstöfunartekjur eldri kynslóða vaxa hraðar en hinna yngri fer það að skipta meira og meira máli hverjir foreldrar þínir eru. Upphafseignastaðan fer að skilgreina okkur. Áherslur Samfylkingarinnar snúast um að styðja við barnafólk í dag og tryggja að tækifæri barna séu ekki háð því hverra manna þau eru.

Hóflegur skattur á hreina eign umfram 200 milljónir króna þýðir einfaldlega að tekjur stóreignafólks af eignum verða minni og kemur í veg fyrir stigvaxandi eignaójöfnuð. Fjöldi rannsókna bendir til þess að stóreignaskattur sé vel til þess fallinn að ýta undir arðbæra fjárfestingu, því ólíkt fjármagnstekjuskatti skapar hann hvata hjá einstaklingum sem eiga miklar eignir til að fjárfesta í háávöxtunareignum til móts við eignaskattinn. Þetta eru þær fjárfestingar sem við þurfum. Fjárfesting í nýjum atvinnugreinum og fjölbreyttari stoðum sem við öll getum vaxið á.

Tillögur Samfylkingarinnar eru því ekki aðeins réttlátar. Þær hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið. Örva fjárfestingu og fjölga í þeim hópi fólks sem getur tekið áhættu, stofnað fyrirtæki, sótt fram í daglegu lífi án þess að hafa áhyggjur af því að eiga ekki fyrir grunnþörfum. Það er nefnilega góð hagstjórn að sníða markaðshagkerfið í mannlegra form, styðja við barnafólk og nútímavæða skattkerfið. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Að breyta eða vera fúl á móti

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sagðist vera í liði með þeim sem væru fúl á móti. Þetta lýsir hinni hliðinni á sáttmála ríkisstjórnarinnar, sem er ánægja með óbreytt ástand. Af sjálfu leiðir að hún er fúl á móti breytingum.

Kosningarnar snúast einmitt um þetta: Halda þau meirihluta, sem eru fúl á móti breytingum, eða komast þau til einhverra áhrifa, sem yrðu ánægð með breytingar?

Nýjar víddir

Vandinn er þessi: Þau sem eru fúl á móti hafa setið þétt saman við ríkisstjórnarborðið í heilt kjörtímabil. Hin, sem yrðu glöð með breytingar, hafa talað hvert úr sínu horni í stjórnarandstöðu.

Þetta þýðir að kjósendur geta ekki leyst ríkisstjórnina frá völdum og falið þau stjórnarandstöðunni í heild. Svo er myndin flóknari fyrir það að í hana eru komnar nýjar víddir og flokkar hafa fært sig um set.

Í fyrsta skipti höfum við hreina popúlistaflokka bæði lengst til hægri og vinstri. Jaðrarnir í pólitíkinni eru því allt annars eðlis en áður.

Frá miðju og nær miðju

Sjálfstæðisflokkurinn spannaði áður bilið frá hægri að miðju. Hann hefur nú farið frá miðjunni og fært sig lengra til hægri og náð með því að stemma stigu við atkvæðaflótta til Miðflokksins.

Þetta birtist í vaxandi efasemdum um EES-samninginn og að fulltrúi þeirra sjónarmiða var kjörinn í baráttusætið í stærsta kjördæminu.

VG var lengst til vinstri. Þau hafa fært sig nær miðjunni. Íhaldselementið á nú þyngri lóð á vogarskálinni en róttæknin.

Þetta kemur fram í því að VG gengur nú til kosninga í fyrsta skipti án þess að boða stóraukin ríkisútgjöld og miklar skattahækkanir. Þau virðast að mestu halda sig við sameiginlegan ramma fjármálaáætlunar stjórnarflokkanna.

Hitt er ekki síður athyglisvert að formaður VG lagði í ræðu sinni um síðustu helgi meiri áherslu á jöfn tækifæri allra en aukinn jöfnuð. Þessi hugtakanotkun skildi áður á milli hægri og vinstri. Of snemmt er þó að afskrifa VG sem vinstri flokk.

Aukin útgjöld

Samfylkingin talar áfram um meiri jöfnuð. Hún flytur tillögur um verulega aukin útgjöld í því skyni. Skattahækkunaráformin duga þó ekki til.

Hún virðist því, öfugt við Viðreisn og ríkisstjórnarflokkana, líta svo á að unnt sé að reka ríkissjóð til lengri tíma með halla.

Að þessu leyti sýnist Samfylkingin vera komin vinstra megin við VG. Hvort það er af ásetningi eða gáleysi er ekki ljóst, en er að hluta til ný staðsetning.

Frjálslyndar breytingar

Viðreisn og Samfylkingin eiga aftur á móti samleið með frjálslynda hugmyndafræði um margvíslegar mikilvægar breytingar.

Nefna má nánari Evrópusamvinnu, evrópska samvinnu um stöðuga mynt, tímabundinn nýtingarrétt auðlinda í þjóðareign og réttlátt endurgjald fyrir auðlindanýtingu á grundvelli markaðslausna og framseljanlegra aflaheimilda.

Þessar frjálslyndu hugmyndir eru líklegri en kyrrstöðustefna stjórnarflokkanna til að örva hagvöxt og skjóta sterkari stoðum undir nýsköpun og þekkingariðnað. Að sama skapi eru þær líklegri til að færa auknar tekjur í ríkissjóð án skattahækkana og verja þannig velferðarkerfið.

Píratar hugsa meir um hvernig ákvarðanir eru teknar en hverjar þær eiga að vera. Þeir vilja að þjóðin ákveði framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Að því marki styðja þeir breytingar sem örva hagvöxt, en ekki lengra.

Tryggjum ekki eftir á

Engum blöðum er um að fletta að viðspyrnan verður öflugri og sterkari ef frjálslyndar hugmyndir um kerfisbreytingar fá aukin áhrif samhliða ábyrgri ríkisfjármálastefnu.

En hvernig er unnt að ná málamiðlun milli frjálslyndra breytinga og ábyrgrar ríkisfjármálastefnu í svo breyttri sviðsmynd?

Haldi stjórnarflokkarnir meirihluta er eðlilegt að þeir túlki niðurstöðuna sem svo að þeir eigi að halda áfram að vera ánægðir með óbreytt ástand og vera fúlir á móti breytingum.

Falli stjórnin hins vegar vaknar spurningin hvort einn eða fleiri stjórnarflokkanna eru tilbúnir til að gera málamiðlanir um frjálslyndar breytingar. Enn hafa þeir þó ekki opnað á það.

Ef menn kjósa ekki breytingar verða þær ekki. Enginn tryggir eftir á. ■

14%

Electrolux

Ryksuga
650W, tekur 3 ltr., vinnsluradíus 7,5 m, rafmagnsnúra er 5 m, 80 dB, orkuflokkur A. **1870000**

14.990kr
~~17.490kr~~

PHILIPS
Loftljós
Box, svart eða hvítt, 1x4.5W SELV. **6165793 ,6165794**

10.405kr

33%

BLACK+DECKER

Borvél 18V
2 rafhlöður, 1.5Ah og hleðslutæki, hersla 40Nm. **5245567**

16.995kr
~~25.545kr~~

25%

NEO TOOLS

Verkfæravagn
6 skúffur, bremsur á hjólum, læsanlegur, H: 103 x B: 68 x D: 46 cm, burðargeta 280 kg. **5024494**

37.495kr
~~49.995kr~~

25%

GROHE

Handlaugartæki
Essence New Etgreb, svart. **7911087**

31.790kr
~~42.415kr~~

32%

FERRO

Eldhústæki
Ferro Zumba. **7810100**

11.990kr
~~17.635kr~~

31%

FERRO

Sturtusett
Rondo, með skipti, svart. **7810205**

14.990kr
~~22.035kr~~

Nýtt

25%

KARAG

Handlaug
Handlaug á borð. Hringlótt 355 mm. Matt svört. **8078037**

33.690kr
~~44.990kr~~

37%

EUROHOME enjoy living

Harðparkert
8 mm, Colorado eik, 4V-AC4 C32. **147124**

2.983kr/m²
~~4.698kr/m²~~

Sparaðu 15.000kr

AEG
Þvottavél
8 kg, 1400 snúninga, kolalaus mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar. **1860502**

79.990kr
~~94.990kr~~

28%

Hausterikur 3 stk.
3 stk. að eigin vali.

1.299kr
~~1.797kr~~

Hausterikur 1 stk. **599kr**

BerlingerHaus

25-50% afsláttur
af pottum og pönnum

JOTUN

30% afsláttur
Pallaolía og viðarvörn

Blöndunartæki
Ótrúlegt úrval og frábært verð

GROHE
damixa
FERRO

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Pottaplöntur 20-30% afsláttur

20%

blómaval

Calathea Ornata
11 cm pottur. **11400076**

1.990kr
~~2.490kr~~

20%

blómaval

Indíána-fjöður
11 cm pottur. **11251578**

790kr
~~990kr~~

Nýtt í Blómavali
Margir litir og gerðir

20%

blómaval

Caladium Bicolor Hybrid
11 cm pottur.

2.390kr
~~2.990kr~~

26%

blómaval

Orkidea
12 cm pottur. **11325000**

1.990kr
~~2.690kr~~

Blöndum alla liti
JOTUN
LADY
Grænvara
LADY innimálning
20%
afsláttur
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
Haustveisla
Nýtt blað á husa.is
Sendum um land allt

Veröld á tímamótum

Ragnar Ómarsson
stjórnarformaður Grænni byggðar.

Veröldin stendur á tímamótum. Ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif loftslagshlýnunar á mannlegt samfélag eins og skýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) segir. Þess í stað verður mannkynið að taka tafarlaust í taumana og draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda til að lágmarka neikvæðu áhrifin af loftslagsbreytingunum. Það er öllum ljóst sem hafa kynnt sér málefnið að ólýsanlegar hörmungar munu dynja yfir lífríki jarðar sé ekkert að gert.

Á heimsvísu er áætlað að mannvirkjagerð og notkun þeirra standi fyrir um 35% af allri losun gróðurhúsalofttegunda á ári hverju. Skyldi engan undra þar sem um er að ræða allt húsnæði sem hýsir mannkyn og alla innviði þess samfélags sem mannkynið hefur mótað. Þá er mannvirkjageirinn einnig ábyrgur fyrir um 35% af öllum úrgangi sem fellur til á jörðinni og í mannvirki og innviði eru notuð um 40% af öllu hráefni sem unnið er úr jörðu og úr náttúrunni. Af þessu sést að mannvirkjageirinn er þurftarfrekur í samfélagi manna en OECD gerir ráð fyrir því að hráefnaþörf mannvirkjageirans muni tvöfaldast til ársins 2060 vegna mannfjöldaaukningar og framþróunar í fátækari löndum.

Hér á Íslandi er staðan í þessum málaflokki svipuð og erlendis. Nýverið reiknaði Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins út kolefnisfótspor almenns íbúðarhúsnæðis í fjölbýli (viðmiðunarhús) sem byggt er úr hefðbundnum íslenskum byggingarefnum og samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar. Veitir þessi útreikningur ágæta sýn á þær íbúðarbyggingar sem reistar hafa verið á Íslandi undanfarin 60 ár. Niðurstaðan er að kolefnisfótspor viðmiðunarhússins eru metin vera 666 kg CO2-ígildi á hvern fermetra á hverju ári.

> Mannvirkjagerð er langtímaaðgerð og áhrifa hennar á umhverfið gætir áratugum og öldum saman. Aðgerðir til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkjageirans þurfa að taka mið af þessu.

Í kjölfarið hefur verið áætlað að kolefnisfótspor allra bygginga á Íslandi sé nálægt 360.000 tonnum á ári og fari vaxandi. Af stöðu þessara mála sést að engin leið verður að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins án þess að gera grundvallarbreytingar á því hvernig við byggjum mannvirki og mótum okkar nánasta umhverfi. Mannvirkjagerð er langtímaaðgerð og áhrifa hennar á umhverfið gætir áratugum og öldum saman. Aðgerðir til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum mannvirkjageirans þurfa að taka mið af þessu. Um leið og nauðsynlegt er að byggja ný mannvirki úr endurnýtanlegum hráefnum sem hafa lágmarksáhrif á umhverfið, þarf að hlúa vel að þeim mannvirkjum sem nú þegar hafa verið reist til þess að koma í veg fyrir hráefnasóun og til þess að draga úr orkunotkun. Auk þessa þarf að huga að því hvernig verja má byggingar og innviði samfélags gegn fyrirsjáanlegum loftslagsbreytingum með tíðari og ákafari úrkomu, auknum vindstyrk, aurflóðum, snjóflóðum og sjávarflóðum. Eru þetta nauðsynleg skref til að vernda núverandi kynslóðir áföllum og gæta þess að skerða ekki möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. ■

Viðreisn vill virkja vindinn

Hanna Katrín Friðriksson
oddviti Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Við sigrumst ekki á loftslagsvánni án endurnýjanlegrar orku. Vatnsafl, jarðvarmi, vindorka og sólarorka eru slökkvitæki fyrir brennandi heim. Alþjóðasamfélagið leitar nú allra leiða til að losa sig við jarðefnaeldsneyti og nýta þess í stað endurnýjanlega orku. Það liggur í orðanna hljóðan, orkan sem við notum til langframa verður að vera endurnýjanleg, annað er óábyrgt.

Grænt Ísland þarf græna orku

Íslendingar þekkja vel að búa í grænu samfélagi, að minnsta kosti hálfgrænu. Við erum lánsöm að eiga gnægð endurnýjanlegra auðlinda í landinu og að forfeður okkar og -mæður höfðu vit á því að nýta þær til að byggja upp samfélagið. Í dag nýtum við þessa hreinu og grænu orku þegar við kveikjum á eldavélinni og þegar við látum renna í bað.

Nú er komið að okkar kynslóð að taka boltann áfram. Við þurfum að skila af okkur fullkomlega grænu samfélagi – ekkert hálfkák lengur! Hver einasti bíll, hvert einasta skip og hver einasta flugvél þarf að vera knúin áfram af sjálfbærri og grænni orku. Hún verður á ýmsu formi, t.d. raforka fyrir rafbíl heimilisins og grænt eldsneyti fyrir togara sjávarútvegsins.

Tækifæri Íslands

Baráttan við loftslagsbreytingar hefur leitt til þess að til verður ýmiss nýr grænn iðnaður á heimsvísu sem leysir annan af hólmi. Því fer fjarri að sú heimsmynd sem við stefnum í sé án tækifæra og án verðmætasköpunar. Þvert á móti. Ótrúlega mörg spennandi störf og iðnaður verða til í grænu byltingunni. Framleiðsla á rafhlöðum fyrir rafbíla, útflutningur á grænu eldsneyti og nýting eða förgun á fönguðu kolefni. Þetta gætu allt verið næsta kynslóð iðnaðar á Íslandi líkt og við sjáum til dæmis gerast annars staðar á Norðurlöndum. Það eru stór tækifæri fyrir Ísland í grænum og loftslagsvænum heimi.

Framtíðin liggur í rokinu

Ísland losar sig ekki við jarðefnaeldsneyti eða byggir upp ný grænn atvinnutækifæri án endurnýjanlegrar orku. Eitthvað af henni fæst úr núverandi orkukerfi en mikið kemur frá nýrri orkuvinnslu. Þar kemur íslenska rokið sterkt inn. Viðreisn telur að uppbygging nýrrar raforkuvinnslu ætti aðallega að koma frá vindorku. Hún hefur marga kosti sem gera hana góða viðbót við þá hefðbundnu og ágætu orkukosti sem Íslendingar þekkja svo vel.

> Ótrúlega mörg spennandi störf og iðnaður verða til í grænu byltingunni. Framleiðsla á rafhlöðum fyrir rafbíla, útflutningur á grænu eldsneyti og nýting eða förgun á fönguðu kolefni.

Ef við lítum til loftslagsáhrifa eða hve afturkræf orkuvinnsla er á Íslandi þá stendur vindorkan betur að vígi en vatnsafl og jarðvarmi. Byggja má upp vindorku í hentugum áföngum og hún spilar vel með vatnsaflinu sem við eigum mikið af nú þegar. Til viðbótar fleygir vindorkutækninni fram og hagkvæmni hennar eykst stöðugt. Þar með er vindorkan líklega samkeppnishæfari en margir hefðbundnir orkukostir. Það er því til mikils að vinna með þessari viðbót. Nýting vindorkunnar verður auðvitað að vera skynsamleg og það er mikilvægt að velja kosti þar sem áhrif á fuglalíf og sjónræn áhrif eru lágmörkuð.

Viðreisn er tilbúin í slaginn við loftslagsvána. Það sem meira er – við þekkjum lausnirnar og þorum að taka stór skref strax. ■

Þingkosningarnar 25. september og nýja stjórnarskráin

Andrés Magnússon
fulltrúi í stjórnlagaráði.

Svisslendingar, sem aldrei hafa haft konung, halda því fram að allar aðrar þjóðir Evrópu hafi haft konunga svo lengi yfir sér að það sé orðið íbúunum framandi hugmynd að þeir geti ráðið sér sjálfir. Konungsvald sé þeim svo í merg runnið að í þeirra huga sé það lýðræði ef þegnarnir geti kosið hvaða maður skuli ráða yfir þeim næst. Fræg er sagan af Stalín þegar hann var að tala við ömmu sína og var að reyna að útskýra fyrir henni stöðu sína: „Aðalritari Bolsjevikka, hvað er nú það?“ sagði babúska. Stalín gafst að lokum upp og sagði: „Þú veist hvernig Tsarinn var hér áður fyrr, nú er ég eins og hann.“

Sölvi Helgason sagði um fulltrúalýðræðið: „Og því hafa þjóðirnar valið úr skauti sínu einstaka menn til framkvæmda, framkvæmslu þjóðviljans hins helga. En stundum hafa þessir menn misskilið þjóðina svo að þeir af guðsnáð væru orðnir konungar en allir hinir þrælar og farið með þá eftir því.“

Íslendingar fá að hafa stjórnmálaáhrif einn dag fjórða hvert ár, hina dagana hafa stjórnmálamenn ákveðið, einhliða, að þeir skuli öllu ráða. Þegar ég kýs, þá afhendi ég lýðræðisvald mitt til fjögurra ára. Vandamálið er bara að ég hef aldrei samþykkt að afhenda stjórnmálamönnum allt mitt lýðræðislega vald. Skilgreining á lýðræði hlýtur að vera að vilji meirihlutans skuli ráða í öllum þeim málum sem almenningur kærir sig um að ráða. Eitt af hlutverkum stjórnarskrár er að skilgreina hvaða vald almenningur kýs að framselja til kosinna fulltrúa sinna. Það er mótsögn að alþingismenn skuli halda að þeir geti sjálfir skilgreint hvaða vald þeim hafi verið framselt, selt sér sjálfdæmi um sjálfa sig.

Fyrir 10 árum síðan lauk vinnu við að reyna að skynja vilja þjóðarinnar og setja niður á blað hvernig Íslendingar kjósa að hafa samband sitt við stjórnmálamenn. Hvenær er hægt að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvörp, hvernig er hægt að jafna vægi atkvæða án þess að það komi niður á landsbyggðinni, hvernig geta kjósendur tjáð sig um hvaða frambjóðendum þeim hugnast best á þeim lista sem þeir kjósa, og ótal margt annað sem færir völd frá stjórnmálamönnum til almennings. Flest í þessum tillögum hefur verið reynt í öðrum löndum og gengið vel. Almennar kosningar eru á Íslandi nánast árlega (Alþingi, sveitarstjórnir og forseti) og væri því hægur vandi að hafa almennar kosningar um það sem fólk vill kjósa um einu sinni á ári. Ekki er vanþörf á, sífellt er verið að samþykkja hluti á Alþingi sem meirihluti þjóðarinnar er andvígur; nýlega var Íslandsbanki seldur, á miklu undirverði, þrátt fyrir að minna en fjórðungur þjóðarinnar styddi að hann yrði seldur á þessum tímapunkti. Slíkar uppákomur, þar sem stjórnmálaleiðtogar telja sig í fullum rétti til að ganga þvert á „þjóðviljann hinn helga“, munu heyra sögunni til þegar búið er að virkja nýju stjórnarskrána sem þjóðin kaus sér.

Þann 25. september munu stjórnmálaforingjarnir beina að þér spjótum sínum og segja: „Upp með hendur og hingað með allt lýðræðislegt vald þitt til næstu fjögurra ára.“ ■

Björgum þeim sem bjarga okkur

Sigurður Páll Jónsson
þingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi.

> **Nú háttar svo til að ýmsar af helstu fjáröflunarleiðum björgunarsveitanna eru í óvissu, meðal annars vegna andúðar á rekstri spilakassa og efasemda um notkun flugelda.**

Öryggismál sjófarenda hafa tekið stakkaskiptum á undanförnum áratugum. Þar gegna sjóbjörgunarsveitirnar ásamt slysavarnaskólanum Sæbjörgu lykilhlutverki. Sérhæfing í sjóbjörgun hefur ósjaldan skipt sköpum á neyðarstundu og orðið mörgum sjómanninum lífsbjörg, þetta vitum við sjómenn. Staðreyndin er sú að allir sjófarendur vita og treysta á að sjálfboðaliðar Landsbjargar séu ávallt til taks ef eitthvað bregður út af en þar er um að ræða stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félögum.

Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfboðaliða til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring. Þetta er þjóðinni ómetanlegt enda starfið ótrúlegt og reynsla mín er að þetta vekur ávallt undrun útlendinga. En þrátt fyrir að starfið sé unnið í sjálfboðaliðavinnu þarf mikla fjármuni, bara til að halda við og tryggja að björgunarsveitirnar hafi þau tæki og tól sem til þarf. Nú blasir til að mynda við að Landsbjörg þarf ný björgunarskip. Ætlunin er að endurnýja öll skip samtakanna og er þegar búið að semja um smíði nokkurra þeirra. Þarna þarf gríðarlega fjármuni til og björgunarsveitirnar sjálfar eru með alla anga úti. En blikur eru á lofti.

Nú háttar svo til að ýmsar af helstu fjáröflunarleiðum björgunarsveitanna eru í óvissu, meðal annars vegna andúðar á rekstri spilakassa og efasemda um notkun flugelda. Þarna ber löggjafinn mikla ábyrgð og ég sem andstæðingur spilakassa gengst við því. Hvernig verður fjármögnun björgunarsveitanna þá tryggð? Jú, sem fyrr verður öll þjóðin að fylkja sér á bak við samtökin og best væri ef allir létu smá upphæð af hendi rakna, helst með reglulegu millibili. En hugsanlega þurfum við að gera meira.

Nú þegar njóta björgunarsveitirnar ívilnana í ýmsu þegar kemur að aðföngum. En þar þarf að bæta í. Í mínum huga er enginn vafi á því að björgunarsveitirnar skila meiru til ríkisins en þær fá til baka. Hvernig getur ríkisvaldið þá stigið inn? Nú er það svo að björgunarsveitarfólki er ekki umhugað um að komast á bein fjárlög og það er að mörgu leyti skiljanlegt. En má ekki huga að því að efla enn frekar endurgreiðslur og undanþágur? Eins og gefur að skilja notar til dæmis skipafloti björgunarsveitanna mikið eldsneyti. Er ekki öfugsnúið að þær séu um leið að skila gjaldi í gegnum verðið til vegakerfisins uppi á landi? Ég tel einsýnt að björgunarsveitirnar verði undanskildar eldsneytisgjaldi og hyggst beita mér fyrir því. Við verðum að styðja við rekstur björgunarsveitanna. Oft var þörf en nú er nauðsyn. ■

Virðing fyrir lífinu

Úrsúla Jünemann
kennari á eftirlaunum og náttúruvinur.

Það er unun að fylgjast með þáttunum hans Davids Attenborough í sjónvarpinu. Þar skín alls staðar í gegn hversu mikla ást og virðingu hann ber fyrir öllu lífi á jörðinni. Og þannig þurfum við að hugsa ef lífið á að halda áfram með okkur mannfólkið innanborðs.

Allar lífverur, stórar og smáar, fallegar eða minna aðlaðandi, krúttlegar eða hættulegar, hafa sinn tilgang og spila saman í stórri hljómsveit ýmissa vistkerfa. En mannfólkið hefur tilhneigingu til að hrófla við náttúruferlunum með sérhagsmuni í huga.

Ég á tvö barnabörn í útlöndum sem voru nýlega í heimsókn ásamt foreldrum sínum. Alltaf þegar ég hugsa um framtíð þeirra fyllist ég depurð. Hvaða móður jörð munu þau erfa frá okkur? Loftslagsbreytingar með öllum skelfilegum afleiðingum kalla á mjög skjótar aðgerðir þar sem við þurfum að breyta lífsmynstrinu verulega. En margir setja markmið sín enn á meiri hagvöxt og rányrkjuna sem honum fylgir. Græðgin ræður. Eiga þessir einstaklingar ekki börn og barnabörn sem þeim þykir vænt um?

Væntumþykju og virðingu fyrir lífinu og náttúrunni þarf að rækta fyrst og fremst í heimahúsum. Það er eitthvað stórlega að í uppeldinu og viðhorfum fullorðinna þegar maður skoðar fréttir síðustu dagana. Þar voru unglingar að „skemmta sér“ við það að kasta ketti fyrir bíl þannig að hann skreið helsærður burt og drapst kvalafullum dauða. Einhverjum fannst sniðugt að „fegra“ hettumáf með því að spreyja lakki á hann og gera hann ófleygan. Mörgum er í nöp við geitunga sem eru alltaf áberandi síðsumars og vilja eitra fyrir þeim þó að þessi dýr geri mikið gagn í görðunum. Og það þykir sjálfsagt að kremja kóngulær bara vegna þess að þær þykja ekki fallegar. Sagt er stundum að börn sem drepa eða kvelja dýr séu á fyrsta stigi til að fremja fleiri glæpi.

Það að bera virðingu fyrir þessu mikla sköpunarverki sem náttúran er þurfum við að kenna börnunum okkar, fara með þeim út, skoða og fræða. Auðvitað verður kennslan í skólanum að koma þar einnig að. En náttúruvernd og virðing fyrir lífinu byrjar í heimahúsum. ■

Græn atvinnusköpun

Björgvin Helgason
oddviti Hvalfjarðarsveitar.

Það voru góð tíðindi er Norðurál lauk nýlega raforkusamningum og tilkynnti um 15 milljarða króna viðbótarfjárfestingu á Grundartanga. Sú framkvæmd mun tímabundið skapa um 100 störf og önnur 40 til framtíðar og styrkja samkeppnisstöðu Grundartanga sem öflugs atvinnusvæðis.

Á Grundartanga veita 20 stór og smá iðn- og þjónustufyrirtæki um 1.100 manns atvinnu að jafnaði. Að auki má rekja um 2.100 afleidd störf til starfseminnar á svæðinu. Þetta samfélag fyrirtækja er langstærstu vinnuveitendur Hvalfjarðarsveitar og Akraness. Tvö stærstu fyrirtækin, Norðurál og Elkem Ísland, greiða laun og kaupa þjónustu fyrir meira en 20 milljarða króna á ári.

Þetta öfluga fyrirtæki og sveitarfélögin hafa byggt upp þetta atvinnusvæði í sameiningu. Til frekari framfaraskrefa var Þróunarfélag Grundartanga stofnað 2016. Að því standa Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Akraneskaupstaður, Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir. Félagið sameinar krafta sveitarfélaganna, Faxaflóahafna og fyrirtækja á atvinnusvæðinu til að skapa öflugt atvinnusóknarsvæði og þróa nýja vaxtarmöguleika.

Meðal fjölbreyttra þróunar- og framfaramála má nefna skoðun á nýjum umhverfisvænum orkukostum, orkuendurvinnslu, hitaveitu og framleiðslu nýrra orkugjafa á borð við rafeldsneyti. Metnaðarfull markmið hafa verið sett um fullnýtingu í virðiskeðju í framleiðslu þar sem koma á í veg fyrir sóun verðmæta. Byggja á upp grænt iðn- og atvinnusvæði sem sækir fyrirmynd í hringrásarhagkerfi.

> **Meðal fjölbreyttra þróunar- og framfaramála má nefna skoðun á nýjum umhverfisvænum orkukostum, orkuendurvinnslu, hitaveitu og framleiðslu nýrra orkugjafa á borð við rafeldsneyti.**

Ráðist hefur verið í skógrækt með „grænum trefli“ á svæðinu, unnið að betri tengingum við umhverfisvænar almenningssamgöngur og kynning aukin á svæðinu. Einnig hefur félagið hvatt til samstarfs um auknar umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og lágmarka vistspor.

Ofangreind mynd er hluti af stærri sýn um uppbyggingu nýsköpunar- og þróunarklasa á Grundartanga. Móta á klasa fjölbreyttrar starfsemi ólíkra fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem tengjast svæðinu, til umbóta og þróunar. Markmiðið er að með sókn sé hægt að auka verðmætasköpun en auka umhverfisvernd, og útvíkka samstarf innan og utan þessa kröftuga atvinnusvæðis í Hvalfjarðarsveit. ■

Til stjórnmálasamtaka sem ætla að bjóða fram í kosningunum til Alþingis 25. september 2021.

Yfirkjörstjórnir munu koma saman til fundar á eftirtöldum stöðum til að veita viðtöku tilkynningum um framboð við kosningar til Alþingis 25. september 2021.

Reykjavíkurkjördæmi norður og suður:
8. og 10. september 2021, kl. 10.00 - 12.00 báða dagana í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur við Tjarnargötu.

Norðvesturkjördæmi:
9. september 2021, kl. 10.00 - 13.00 í fundarsal í ráðhúsi Borgarbyggðar að Borgarbraut 14, Borgarnesi.

Norðausturkjördæmi:
8. september 2021, kl. 10.00 - 14.00 að Setbergi, sal á 2. hæð í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Suðurkjördæmi:
9. september 2021, kl. 16.00 - 17.30 í dómsal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4 á Selfossi.

Suðvesturkjördæmi:
10. september 2021, kl. 10.00 – 12.00 í íþróttahúsinu í Kaplakrika í Hafnarfirði.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn hvers frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

Tilkynningu um framboð skal fylgja:
1. Framboðslisti viðkomandi stjórnmálasamtaka.
2. Yfirlýsingar allra þeirra sem á framboðslistanum eru um að þeir hafi tekið sæti á listanum. Ef þeim hefur verið safnað á pappír skal afhenda yfirkjörstjórnum frumrit þeirra. Yfirlýsingum sem undirritaðar hafa verið rafrænt skal skila rafrænt til yfirkjörstjórna.
3. Frumrit meðmælendalista hafi þeim verið safnað á pappír. Ef meðmælum hefur verið safnað rafrænt í gegnum Ísland.is skal það koma fram í tilkynningunni.
4. Upplýsingar um hverjir séu umboðsmenn listans.

Frekari upplýsingar um framboð til Alþingis er unnt að nálgast á kosning.is.

Dómsmálaráðuneytinu, 1. september 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Merkisatburðir

44 f.Kr. Keisaraynjan Kleópatra lýsir þriggja ára son sinn Sesaríon meðstjórnanda sinn í Egyptalandi.
1625 Kötlugos hefst með gríðarlegu öskufalli og flóðum.
1666 Bruninn mikli í Lundúnum hefst. 70 af 80 þúsundum heimila í borginni verða eldinum að bráð.
1876 Kveikt er á götuljósi í Reykjavík í fyrsta sinn, steinolíulugt á stólpa í Bakarabrekku.
1967 Vígð er brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi.
1990 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gengur í gildi.

1973 **J.R.R. Tolkien**, höfundur Hringadróttinssögu og Hobbitans, fellur frá.
1991 Bandaríkin viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Af ýmsu verður að taka á Stokkseyri um helgina. **FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA**

Vona að haustuppskeruhátíð á Stokkseyri verði að árlegri hefð

Haustgildi, uppskeruhátíð matar og menningar, fer fram í fyrsta skipti á Stokkseyri um helgina. Vonir eru bundnir við að hátíðin verði að árlegri hefð.

arnartomas@frettabladid.is

Uppskeruhátíðin Haustgildi fer fram í fyrsta skipti á Stokkseyri 4.-5. september. Hátíðin er haldin á vegum listamannaverkstæðisins Brimrótar og Listvinafélags Stokkseyrar sem rekur starfsemi sína á svæðinu og uppskeran því ekki einvörðungu matarkyns. Dagskráin er frá eitt til sex báða dagana.

„Hátíðin verður í rauninni tvískipt," segir Pétur Már Guðmundsson hjá Brimrót. „Annars vegar verða matvælaframleiðendur á svæðinu og hins vegar fólk úr menningargeiranum. Öll galleríin á Stokkseyri, sem eru heil fjögur, verða opin frá eitt til sex líka og svo verða fjölbreyttir viðburðir í boði hjá okkur á Brimrót og nærliggjandi stöðum í hjarta Stokkseyrar.

Pétur segir að ef hátíðin gangi vel sé stefnt á að hún verði að árlegri hefð. „Við hjá Brimrót höfum haft þessa hugmynd ansi lengi, hvað það gæti verið gaman að búa til svona uppskeruhátíð, því það er svo mikið framleitt af matvælum hérna í nágrenninu," segir hann. „Hér eru svo margir að rækta eitthvað sjálfir. Þegar ég fór svo til Ólafs Rafnars hjá Árborg með þessa hugmynd, sem vel að merkja fékk styrk líka frá uppbyggingarsjóði SASS, stakk hann svo upp á því að skella menningunni með sem var auðvitað frábært, því fólk ræktar svo margt fleira en bara mat. Þetta helst í hendur, uppskera er bæði matarkyns og menningarkyns."

Brimrót var sett á laggirnar árið 2019 en markmiðið var að búa til vinnuaðstöðu fyrir listafólk þar sem hægt væri að hafa hefðbundið gallerí þar sem mætti nálgast listaverk, kaffi og kruðerí. „Hugmyndin hefur svo breyst þar sem við gátum ekki haft þetta jafnopið og við vildum," segir Pétur. „Nú er þetta orðið að meiri vinnuaðstöðu fyrir alls kyns verkefni, en við höfum verið með viðburði á borð við upplestra, markaði og fleira þegar aðstæður leyfa."

Hægt er að kynna sér dagskrána í heild á Facebook-síðu Brimrótar. ■

Pétur Már Guðmundsson segir að á Suðurlandi sé mikið ræktað af mat og menningu.

> Þetta helst í hendur, uppskera er bæði matarkyns og menningarkyns.

---

†

Okkar ástkæri

Sigurður Eggertsson

fyrrum hljóðmeistari Þjóðleikhússins, Hvassaleiti 58,

sem lést 29. ágúst, verður jarðsunginn föstudaginn 3. september frá Grensáskirkju kl. 15.00.

Elín Sigurvinsdóttir
Jónína Sigurðardóttir **Rafn Ingólfsson**
Sigrún Sigurðardóttir **Helgi Daníelsson**
Sigurður Sigurðsson **Elín Ólafsdóttir**
Sigurvin Sigurðsson **Kristrún Daníelsdóttir**
barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðmunda Magnea Friðriksdóttir

frá Látrum í Aðalvík, Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, mánudaginn 23. ágúst. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 7. september kl. 13. Athöfninni verður streymt á https://www.facebook.com/groups/gudmunda. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg á Suðurnesjum, kt. 570269- 2329, banki 0121-26-040777.

Laila Jensen Valgeirsdóttir **Sigurður Halldórsson**
Sigurður Valgeirsson **Bjarney Gunnarsdóttir**
Óli Þór Valgeirsson **Elín Guðjónsdóttir**
Áslaug V. Williams **Robert D. Williams**
Friðrik Már Valgeirsson
Gunnar V. Valgeirsson **Cristina Bodinger de Uriarte**
Herborg Valgeirsdóttir **Guðjón Guðmundsson**
Guðrún Valgeirsdóttir
og aðrir afkomendur.

---

†

Elskulega móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna G. Sveinsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, 22. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 6. september, kl. 11. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Eir fyrir góða umönnun.

Margrét Gunnarsdóttir **Baldvin Reynisson**
Lára Ingibjörg Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Lárus Sæmundsson

frá Teigi í Hvammssveit, Dalasýslu, Gerplustræti 17, Mosfellsbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Brúnavegi, Reykjavík, miðvikudaginn 25. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Einarsdóttir
Einar Þórir Kristjánsson **Úlfhildur Rögnvaldsdóttir**
Sigrún Kristjánsdóttir **Pálmi Bjarnason**
Kristján Rúnar Kristjánsson **Anna Sigurðardóttir**
Gísli Kristjánsson
Guðjón Ingi Kristjánsson **Brá Guðmundsdóttir**
barnabörn og langafabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dómhildur Eiríksdóttir

frá Patreksfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 29. ágúst. Útförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 11. september kl. 13.

Reynir Örn Finnbogason
Kristín Finnbogadóttir **Snæbjörn Gíslason**
Sigurey Finnbogadóttir
Hafdís Finnbogadóttir **Steinar Sigurðsson**
Hafrún Rafnar Finnbogadóttir **Jónas Rafnar Ingimarsson**
Steinunn Finnbogadóttir **Freyr Héðinsson**
Þorvaldur Finnbogason **Þórdís Ögn Þórðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 2. september 2021

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eftir langa pásu getur verið erfitt að byrja aftur

Haustið leggst vel í starfsfólk Reebok fitness enda sá tími árs sem flestir landsmenn mæta í ræktina aftur. Við ræddum við Katrínu Björk Eyvindsdóttur aðstoðarframkvæmdastjóra og Jón Sigurðsson, verkefna- og gæðastjóra, um haustið fram undan. 2





Frábær tæki, gott andrúmsloft og reynt starfsfólk einkennir Reebok fitness.

Reebok fitness rekur átta líkamsræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Fram undan er spennandi haustdagskrá.

Hvernig leggst veturinn í ykkur?

„Back to school“ er besti tími ársins. Sumarfríin að klárast, skólarnir að byrja og rútínan góða fer af stað eftir fyrstu vikuna í september,“ segir Katrín. „Við erum æðislega spennt að „starta“ haustinu með skemmtilegum námskeiðum og öflugri hóptímadagskrá,“ bætir Jón við. „Við finnum á fólki að það hlakkar til haustsins og er tilbúið að mæta til að styrkja sig andlega og líkamlega.“

Verður boðið upp á einhverjar nýjungar í haust og í vetur?

„Já! Allavega tvö glænný námskeið; sem heita **Welcome** og **Re-Start**. Þau eru sérstaklega sniðin að þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í heilsurækt eða koma sér aftur í gang eftir alltof langa pásu (út af sotlu).“

Welcome er grunnnámskeið í ReebokFitness. Við förum með þér í gegnum allt frá fyrstu heimsókn og skráningu yfir í tækjasalinn, yfir í að „smakka“ á helstu hóptímum og námskeiðum í lokuðum hópi. Þannig nærðu að kynnast okkur og því helsta sem er í boði í rólegheitum áður en þú dembir þér í „djúpu laugina“.

Re-Start. Eftir langa pásu frá ræktinni getur verið erfitt að byrja. Farið er rólega af stað og bætt svo í þegar á líður. Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar sem henta öllum.“

Hvað eruð þið helst að bjóða í haust þegar kemur að námskeiðum og hóptímum?

„Við erum afar stolt af námskeiðaúrvalinu okkar:

- **Biggest Winner** lífsstílsbreyting: Mikið aðhald sem hjálpar að ná upp góðri rútínu.
- **Yoga Form:** Færir þér meira út úr jóganu.
- **Wellness:** Blandar saman jóga, Pilates og léttum styrktar- og slökunaræfingum í infrarauðum hita.
- **Power Toning:** Léttar og fjölbreyttar styrktaræfingar, brennsla og slökun í þægilegum hita.
- **Infra Power:** Kraftmikið prógramm með brennslu og miklum kviðæfingum í infrarauðum hita.

Það er alltaf líf og fjör tímum hjá Reebok fitness.



MYND/AÐSEND

Reebok fitness býður upp á tvö glænný námskeið í haust sem heitaWelcome og Re-Start.

- **Reebok Club:** Hratt og mjög krefjandi prógramm sem skilar árangri á stuttum tíma – HIIT. **Mömmu Wellness:** Krílin mæta með mömmu sem vill komast af stað eftir barnsburð.
- **Infra Party:** Fyrir þá sem elska að dansa og gera það í suðrænum infrarauðum hita.
- **Flex & Strong** liðleikaþjálfun: Hjálpar að ná auknum liðleika og styrk.

Svo er það fjölbreytta og spennandi hóptímataflan okkar sem myndi klára allt plássið á síðunni. Best er að skoða hana á **reebokfitness.is/hoptimar**. Þar má lesa um alla tímana, þjálfarana og tímasetningar.“

Hvað hafa Reebok-stöðvarnar helst fram yfir aðrar stöðvar?

„Svona fyrir utan þetta augljósa eins og æðislegt starfsfólk, bestu meðlimina, nóg pláss, bjartar og fullbúnar stöðvar með öflugri loftræstingu mundi ég segja **persónuleika okkar** sem við erum mjög stolt af. **Hjá okkur líður öllum vel, allir eru velkomnir og enginn að dæma.** Það er algengasta hrósið sem við fáum.“

Hver er helsta sérstaða ykkar?

„Ef gera á eitthvað rétt þá gerir þú það sjálfur. Frá fyrsta degi höfum við sett meðlimi okkar í bílstjórasætið. Nýtt tæknina, netið og snjallsímann. Þeir afgreiða sig sjálfir. Hefja og stjórna sínum áskriftum, bóka sitt hóptímapláss, kaupa námskeið, sækja kvittanir, skipta um greiðslukort og nánast allt annað sem við kemur aðildinni hjá okkur. Hvar sem er, allan sólarhringinn og þurfa ekki að bíða eftir neinum. Það er engin pressa eða röð í sófanum heima.

> **Einkaþjálfararnir okkar eru æðislegir. Samvinna með einkaþjálfara er áhrifaríkasta leiðin til að ná árangri – punktur.**
>
> Katrín Björk Eyvindsdóttir.

Þetta er skiljanlega kannski flókið í fyrstu en þegar þú hefur kynnst sjálfsafgreiðslunni þá sættir þú þig ekki við annað.“

Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

„Einkaþjálfararnir okkar eru æðislegir. Samvinna með einkaþjálfara er áhrifaríkasta leiðin til að ná árangri – punktur. Leiðbeina þér með mataræði, næringu og almenna heilsu. Veita aðhald og hjálpa þér að gera réttu æfingarnar rétt. Þú finnur allt um einkaþjálfarana og aðra frábæra þjálfara ReebokFitness á heimasíðunni okkar, reebokfitness.is.“ ■

ZEZE - Pasa, síður pífukjóll
Stærð 38-46
Verð kr. 10.990

ZEZE - Ania, Síður shiffonkjóll
Fæst líka í bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 9.990

ZEZE - Tarox - einlitur kjóll
Fæst líka í bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 8.990

ZEZE - Enzy, síður pífukjóll
Fæst líka í bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 10.990

ZEZE - Rubi Tunica
Fæst líka í svörtu og bláu
Stærð 38-48
Verð kr. 9.990

yesta BY X-TWO · yest · no secret · Q'neel · ROBELL · ZHENZI · ZE-ZE Nordic · OPHILIA

ZHENZI - Cinda tunika með mynstri
Fæst líka í bláu og bleiku
Stærð 42-56
Verð kr. 9.990

ZHENZI - Oleta, tunika með mynstri
Fæst í bleiku og bláu
Stærð 42-56
Verð kr. 10.990

ZHENZI - Rennd hettupeysa með vösum
Fleiri litir til
Stærð 42-52
Verð kr. 12.990

ZHENZI - Keely opin peysa
Fæst líka í bleiku og bláu
Stærð 42-52
Verð kr. 9.990

ZHENZI - Laken jakki
Fæst líka í svörtu
Stærð 42-52
Verð kr. 12.990

SYBEL · festival DENMARK · STUDIO · GOZZIP · SANDGAARD · LASESSOR · FRANDSEN · Tamaris · Handberg · Jana

Molly Jo kjóll
Stærð 40-46
Verð kr. 34.980

SUNDAY Skyrtublússa með kínakraga
Stærð 40-50
Verð kr. 11.980

NO SECRET bolur
fæst í brúnu og gráu
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.980

NO SECRET kjóll
Stærðir 42-52
Verð kr.13.980

NO SECRET kápa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-52
Verð kr. 20.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Eftirlíkingar eru eftirsóttar

Aukin pressa á að eignast sjaldgæfa merkjavöru hvetur til kaupa á falsaðri vöru. Þetta á sérstaklega við í götutískunni en talið er að áhrifavaldar á samfélagsmiðlum séu orsakavaldar að hluta til.

sandragudrun@frettabladid.is

» Hugsanleg ástæða er sú að dýrustu og fínustu merkjavörurnar eru framleiddar í mjög takmörkuðu upplagi.

Samkvæmt nýlegri könnun sem 1.000 fullorðnir Bandaríkjamenn tóku þátt í eru karlmenn líklegri en konur til að kaupa falsaðar merkjavörur. Samkvæmt könnuninni sem framkvæmd var af eignastýringarfyrirtækinu Anaqua, er 51% karlmanna tilbúið að borga fyrir falsaða vöru eða hafa þegar gert það á móti 40% kvenna.

Það sem kom forsvarsfólki könnunarinnar helst á óvart var að hátt hlutfall tekjuhás fólks var líka tilbúið til að kaupa falsaða merkjavöru. 30% þeirra sem eru með árstekjur yfir 100.000 bandaríkjadölum, sem jafngildir tæpum 13 milljónum íslenskra króna, sögðust hafa keypt falsaða vöru vísvitandi oftar en einu sinni. Miðað við verðlag í Bandaríkjunum ætti þetta fólk að hafa efni á að kaupa ósvikna merkjavöru svo ástæðan fyrir kaupum á falsaðri vöru er ekki skortur á fjármunum. Það er því hugsanlegt að ástæðan hjá þeim sé sú að dýrustu og fínustu merkjavörurnar eru oft framleiddar í mjög takmörkuðu upplagi svo fólk neyðist til að kaupa þær annað hvort notaðar á uppsprengdu verði, eða leita að eftirlíkingu.

Í Bandaríkjunum er mjög auðvelt að nálgast eftirlíkingar af merkjavörum og hafa þær meðal annars verið seldar í stórmörkuðum eins og Walmart.

Yngri kynslóðir sækjast meira í merkjavörur en þær eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tíska í takmörkuðu upplagi

Það hefur færst mikið í aukana innan götutískunnar að framleiða ákveðnar vörur í takmörkuðu upplagi og auglýsa upphaf sölu þeirra á ákveðnum degi. Fólk þarf þá að bregðast skjótt við til að geta eignast vöruna. Á meðal ungs fólks í Bandaríkjunum, og líka á Íslandi, ef marka má raðir sem myndast hafa við ákveðnar búðir þegar vinsælir skór koma á markaðinn, er greinileg eftirspurn eftir vörum sem framleiddar eru í mjög takmörkuðu upplagi. Ansi margir ganga það langt að kaupa falsaða vöru frekar en að missa af henni.

Anaqua segir að niðurstöðurnar sýni einnig að yngri kynslóðir séu líklegri en þær eldri til að kaupa falsaðar vörur. 70% fólks af Z-kynslóðinni og 63% af aldamótakynslóðinni viðurkenndu að hafa keypt falskan varning. Þetta eru þær kynslóðir sem nota hvað mest samfélagsmiðla eins og TikTok og Instagram og verða því frekar fyrir áhrifum af auglýsingum áhrifavalda sem kynna vörur daglega. Endalaust framboð af nýrri merkjavöru gerir það að verkum að þau sem vilja fylgja tískunni og eru móttækileg fyrir markaðssetningu samfélagsmiðla hafa ekki undan að kaupa nýjar tískuflíkur. Venjulegt fólk hefur einfaldlega ekki efni á slíkri neyslu svo af því leiðir að neytendur sækjast eftir eftirlíkingum. Það er því bæði skorti á framboði og verðlagningu um að kenna. ■

Skór frá vinsælum merkjum eru oft seldir í takmörkuðu upplagi og kosta sitt.

Air Jordan-skór frá Nike eru dæmi um vinsæla merkjavöru.

Samba ★ Rúmba ★ Mambó ★ Jive
Cha Cha Cha ★ Tjútt ★ Salsa ★ Tango
Vínarvals ★ Enskur vals ★ Quickstep ★ Foxtrot

Börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur og lengra komnir, barnadansar, samkvæmisdansar, brúðarvals o.fl. Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða. Kennsla hefst 4. september.

Skráning og upplýsingar á dansskoli.is/kara eða 553 6645

Danskennarasamband Íslands Faglærðir danskennarar
DR Dansfélag Reykjavíkur

DANSSKÓLI KÖRU

Síðumúli 30, 108 Reykjavík, dans@dansskoli.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP
Bílasala

NSU QUICKLY ÁRG.1957 Ekið 5.500km. bensín. Tvígengis hjól sem var flutt inn frá Danmörku ca. árið 1995. Einstakt hjól? Já :) Rýkur í gang og keyrir vel! Verð 297.000. Rnr.120127.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPA R I bíll

Nýr 2021 Hyundai Kona EV Premium rafmagnsbíll með 64 kWh rafhlöðu. Raun drægni um 380 km. Flottasta typa með leðri og glertopplúgu. + fullt af öðrum lúxus. Nýtt útlit. 5 litir á staðnum. Til afhendingar strax ! Okkar verð aðeins: 5.790.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Garðyrkja

Valdir garðar
Tökum að okkur allskyns verkefni í kirkjugörðum
- Allar stærðir leiða
- Rétting legsteina
- Mála í letur
- Skipta um jarðveg
- Lagning jarðvegsdúks
- Skrautmöl, val um hvíta möl, sjávarmöl eða slípaða steina

Hafðu samband í S. 831 5888

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta-vörðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímar-ljósleiðari-loftnet. Viðhald og endurnýjun Rafeindameistarinn ehf s. 898 4484

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í Stórholti. Uppl. 8993749

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR
BYGG

Uppsláttarsmiðir

Óskað er eftir vönum uppsláttarsmiðum í uppmælingu, næg verkefni framundan. Upplýsingar veitir Gunnar S: 693-7310 – gunnar@bygg.is

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi.
Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ískúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Veðurspá Fimmtudagur



Suðlæg átt 3-8 m/s í dag, en 8-13 á norðanverðu Snæfellsnesi. Súld með köflum á Suður- og Vesturlandi en bjart með köflum norðaustanlands. Vaxandi suðaustanátt vestast á landinu með rigningu síðdegis. Hiti 11 til 17 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Jóhann Hjartarson (2.519) átti leik gegn Philipp Humburg (2.245) á Kviku Reykjavíkurskákmótinu – EM einstaklinga.

19. Rxe6! b3 (19...Bxe6 20. Rg5+, 20...Kxe6 21. Bc4+). **20. Dxa5 bxc2+ 21. Kxc2 Rxa5 22. Rxc7** og hvítur vann skömmu síðar. Hannes Hlífar Stefánsson var efstur Íslendinga eftir sex umferðir. Aserski stórmeistarinn Rauf Mamedov var efstur á mótinu.
www.skak.is: Kviku Reykjavíkurskákmótið. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 með
5 verkfæri
6 són
8 vöndull
10 líka
11 gönuhlaup
12 þófta
13 ánægja
15 guðaveig
17 tjón

LÓÐRÉTT
1 hvatning
2 glumdi
3 regla
4 gimsteinn
7 árstíð
9 þrykkja
12 óregla
14 skagi
16 til



LÁRÉTT: **1** ásamt, 5 sög, 6 óm, 8 knippi, 10 og, 11 ras, 12 sess, 13 unun, 15 nektar, 17 skaði.
LÓÐRÉTT: **1** askorun, 2 söng, 3 agi, 4 topas, 7 missери, 9 prenta, 12 sukk, 14 nes, 16 að.

Sudoku

				2			4	5
		8		4	3			
9		2	1		8	3		
1	3	5						7
		9		8		5		
7				3	2			9
							2	
	5						6	
3		7		9				

2					1	4		
8	6	3					5	7
	1		5					3
4						3		
1	2				6		8	
3					4			1
5	3	2			7			
		9		4				
			6					9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Kellogg's

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ PS5 LEIKJATÖLVU!

- KAUPTU EINN PAKKA AF KELLOGG´S AÐ EIGIN VALI
- SENDU KVITTUN Á **KELLOGGS@NOI.IS**
- EINN HEPPINN VINNUR **PS5 LEIKJATÖLVU MEÐ DISKADRIFI**

TÍMABIL LEIKS: 1. SEPTEMBER - 26. SEPTEMBER. DREGIÐ 27. SEPTEMBER.

VORAR

ÞÝSKIR RIBEYE HAMBORGARAR

2X 120 g

699 kr./pk.

Nautaveisla - Ribeye Hamborgarar
2 stk. í pk. - þýskir

ÞÝSK RIBEYE

2.999 kr./kg

Nautaveisla Ribeye
þýsk

GRJÓNAGRAUTUR

598 kr./pk.

Bónus Grjónagrautur
1 kg - verð áður 698 kr.
100 kr. verðlækkun

PIZZADEIG

398 kr./pk.

Bónus Pizzadeig
300 g

SS FROSIÐ HAKK

599 kr./pk.

SS Frosið Ungnautahakk
500 g í pk.

VIÐSKIPTAVINIR ATH
GRÍMUNOTKUN Í VERSLUNUM BÓNUS ER NÚ VALKVÆÐ

LÍFSKORNABRAUÐ

359 kr./pk.

Myllan Lífskornabrauð
450 g - þrjár tegundir

SAMLOKUOSTUR

999 kr./pk.

MS Samlokuostur
500 g í pk. - í sneiðum

COCA-COLA

500 ml flöskur

679 kr./pk.

Coca-Cola og Coca-Cola Zero
6 x 500 ml í pk.

Verð gildir til og með 29. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

COVID-19 SJÁLFSPRÓF

BETRA VERÐ

579 kr./stk.

Boson Biotech Covid-19 Sjálfspróf

SARS-CoV-2 Sjálfspróf (antigen test) - verð áður 599 kr./stk.

BÓNUS

það munar um minna

Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri): Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Klámvæðing klassískrar tónlistar

Jónas Sen skrifar um mikilvægi klassískrar tónlistar, sem hann segir ekki einkennast af yfirborði heldur rista djúpt.

Jónas Sen

Mamma mín var spíritisti en pabbi efahyggjumaður. Trúmál voru því sjaldan rædd við matarborðið og við fórum aldrei í kirkju. Klassísk tónlist var hins vegar dýrkuð, kannski voru þau eins konar trúarbrögð. Hún var hin fullkomna tjáning æðstu fegurðar.

Rithöfundurinn Philip K. Dick, höfundur sagnanna sem myndir á borð við Blade Runner, Total Recall og Minority Report eru byggðar á, dýrkaði Beethoven. Í einni bókinni hans segir hann að Beethoven hafi verið Elía spámaður endurborinn.

Á vissan hátt má segja að klassísk tónlist sé á sömu hillu og trúin á Guð. Hún er forn og grundvallast á alls konar hefðum.

Rétt eins og smágert íkon er tákn fyrir óendanlegan, andlegan veruleika og sakramenti kirkjunnar, brauð og vín, umbreytist í hold og blóð Krists, þá er verður lítil tónahending að einhverju miklu meira í klassískri tónlist.

Stærri tónverk eru yfirleitt smíðuð úr einföldu tónefni sem tónskáldið hefur meðhöndlað á ýmsan hátt. Úr verður framvinda þar sem allt mögulegt kemur fyrir. Lítil hending í sónötu eftir Mozart, kannski bara einn brotinn hljómur, verður oft að stórfenglegri tónlist.



Mestu snilldarverk Beethovens tilheyra síðasta tímabilinu í lífi hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í Goldbergtilbrigðunum feist umbreyting hins líkamlega (aríunnar) í eitthvað sem er handan líkamans (tilbrigðin).

> Á vissan hátt má segja að klassísk tónlist sé á sömu hillu og trúin á Guð. Hún er forn og grundvallast á alls konar hefðum.

Ekkert gerist í poppinu

Í venjulegu popplagi af þeirri gerðinni sem er spilað á Bylgjunni gerist hins vegar ekkert; einföld laglína er endurtekin aftur og aftur og hljómagangurinn er sá sami æ ofan í æ. Aðeins ein stemning er ríkjandi og hún varir venjulega í örfáar mínútur.

Auðvitað er ekkert að þessu; ég hlusta oft á þannig músík sjálfur og hef gaman af. En hún ristir ekki djúpt; megnið af henni byggist á klisjum og endurtekningum. Þannig tónlist heyrist gjarnan í Eurovision-keppninni og í poppmyndböndunum er hún oftar en ekki ríkulega skreytt klámfengnum tilburðum. Hefur kveðið svo sterkt að því að klámmyndaleikstjórar hafa meira að segja verið fengnir til að leikstýra slíkum myndböndum.

Poppið, rétt eins og klámið, gengur út á æskuna, líkamann og dýrkunina á því nýja. Sumarsmellurinn

Rithöfundurinn Philip K. Dick dýrkaði Beethoven.

í ár er hallærislegur eftir nokkra mánuði. Tískan í dag ræður; við höfnum hinu gamla, kannski vegna þess hve við óttumst dauðann.

Tískan er víðs fjarri í klassíkinni

Klassísk tónlist einkennist hins vegar af innri strúktúr, ekki yfirborði. Og oft eru bestu verk klassískrar tónlistar samin á efri árum þess sem á í hlut. Mestu snilldarverk Beethovens tilheyra síðasta tímabilinu í lífi hans. Sömu sögu er að segja um flest önnur tónskáld. Tískan er víðs fjarri; það er innihaldið sem gildir.

Hingað til hefur stöðnun ekki einkennt form klassískrar tónlistar. Eitthvað gerist ávallt í slíkri tónlist. Hún er útópísk og felur í sér vonina um að tilteknar aðstæður geti orðið að einhverju öðru og meira. Eins og fram kom hér að ofan þá verður ein lítil hending oft að stórfenglegri sinfóníu. Allt annað en kyrrstaða ríkir í þannig sinfóníu.

Umbreyting hins líkamlega

Og ekki bara í sinfóníu. Tökum Goldberg-tilbrigðin eftir Bach sem dæmi. Þau hefjast á aríu, sem þó er ekki sungin eins og vaninn er með aríur, heldur leikin á sembal. Engu að síður er um söng að ræða, hástemmda sönglínu sem í sjálfu sér er afar fábrotin. En svo taka við um þrjátíu tilbrigði sem ekki nokkur leið væri að syngja.

Þar sem söngur er hin náttúrulega tónlistartjáning líkamans má segja að í Goldberg-tilbrigðunum felist umbreyting hins líkamlega (aríunnar) í eitthvað sem er handan líkamans (tilbrigðin).

Við erum meira en hold

Í hnotskurn er þetta trúin á að við séum meira en hold og blóð. Að við séum meira en útlit, nafn og kennitala. Að yfirborð og innra eðli sé ekki endilega það sama. Er það ekki afneitun á hugmyndafræði klámsins?

Saga okkar hefur í aldanna rás einkennst af trúnni á hæfileika mannsins til að sigrast á umhverfinu, auka möguleika sína, verða meira en hann er í dag. Þessa útópísku hugsun er að finna í vísindum og allri list sem stendur undir nafni. Þar á meðal klassískri tónlist.

Klám í stað ástar

Að hafna slíkri tónlist, eða öllu heldur hugsuninni sem einkennir hana, og vilja þess í stað stemningsmúsík þar sem ekkert gerist, er að vilja klám í stað ástar. Hvað er klám annað en það þegar mannslíkaminn er orðinn að hlut þar sem innihaldið skiptir engu máli og allt snýst um yfirborðið?

Þjóðfélagið fyrirlítur klám þegar það er kynferðislegs eðlis, en það dýrkar klámið í öðrum myndum. Við viljum bara yfirborðslega músík sem er þægileg áheyrnar. Hún á að vera notalegt eyrnakonfekt sem skapar réttu stemninguna. Líka klassíkin. Tónlist sem krefst athygli er oftar en ekki afgreidd sem óskiljanleg.

Þetta eru þungar vangaveltur. En mikilvægar. Klassísk tónlist er falleg og hún er innihaldsrík. Hún skiptir máli. ■

Stendur ennþá stafrófið frá a-ö

BÆKUR

Stafavísur. Lestrarnám í ljóði og söng

★★★★★

Höfundar: Ýmsir hagyrðingar
Ritstjórar: Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Steinunn Torfadóttir
Myndskreytingar: Dagmar Agnarsdóttir
Fjöldi síðna: 75
Útgefandi: Bókafélagið – BF útgáfa

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Lengi hefur verið vitað að söngur og ljóðmál eru besta leiðin til þess að kenna börnum þá list að tala og lesa. Kynslóð fram af kynslóð hafa Íslendingar numið tungumálið í gegnum söng og kveðskap, því það er einhver galdur í „stuðlanna þrískiptu grein“ sem virðist valda því að hugurinn nemur betur það sem boðað er í bundnu máli. Þannig eru ljóðmál og söngur örvun fyrir málþroska barna og hjálpa vafalaust einnig til við lestrarnám þeirra. Sá er einmitt tilgangurinn með útgáfu bókarinnar Stafavísur sem nýlega kom út. Hugmyndin að tilurð hennar mun einmitt hafa sprottið upp af umræðum um „tengsl ljóð- og sönglistar við hljóðrænt form tungumálsins“ eins og fram kemur í formálsorðum.

Í bókinni eru vísur og ljóð eftir ýmsa höfunda um bókstafina og eiginleika þeirra. Hver vísa kennir einn staf. Bókin er í fallegu, litríku broti, skemmtilega myndskreytt og ljóðunum fylgja einnig gítargrip og nótnaskrift. Öllu er þessu haganlega fyrir komið þannig að hver opna er tileinkuð einum staf, ljóðinu sem honum tengist og laginu sem syngja má við það, ásamt fallegri myndskreytingu sem undirstrikar enn



frekar líkindin við hljóð eða form bókstafsins. Bókin er þess vegna afar handhæg og efni hennar aðgengilegt í alla staði.

Bókin er gefin út með styrk Kvæðamannafélagsins Iðunnar og Ingunnar Wernersdóttur. Dr. Ragnar Ingi Aðalsteinsson, bragfræðingur og Steinunn Torfadóttir, lektor í lestrarfræði, ritstýrðu og skrifa formála og inngang. Höfundar eru ýmis skáld og þekktir hagyrðingar sem fengu frjálsar hendur við efnistökin svo fremi að vísurnar væru rétt gerðar samkvæmt hefðum og bragfræði. Í formála segir að vísnasmíðin hafi svo verið vegin og metin með tilliti til bragreglna og kennslufræði.

Augljóst er að metnaður hefur verið lagður í alla gerð bókarinnar, jafnt inntak sem útlit. Vísurnar sjálfar eru „gullnáma orðaforða og málskilnings sem síast inn í vitund barna gegnum sönginn“ eins og bent er á í inngangsorðum. Sumar eru við þekkt lög, við aðrar hafa verið samin ný lög. Að því verki komu Gylfi Garðarsson sem einnig sá um að skrifa nóturnar og hljómsetja lögin, Bjarni Hafþór Helgason og Björgvin Þ. Valdimarsson tónskáld – valinn maður í hverju rúmi. Einn vísnahöfundanna, Sigurður Sigurðarson, samdi bæði ljóð og lag.

Á baksíðu segir að bókin sé gerð í því augnamiðið að „örva lestraráhuga barna og létta þeim fyrstu skrefin á brautinni“. Raunar gerir bókin fleirum léttara fyrir en börnunum, því að ef farið er inn á youtube.com og sleginn inn titill bókarinnar má heyra lögin sungin af Margréti Eir og leikin af Pétri Valgarð Pétursssyni á gítar og Þóri Úlfarssyni á píanó. Er því auðvelt fyrir kennara og uppalendur að nálgast sönglögin ef nótnaskrift nægir ekki.

„Lengi býr að fyrstu gerð“ segir máltækið. Þess vegna er þakkarvert þegar metnaður og alúð eru lögð við það sem yngstu kynslóðinni stendur til boða. Hér hefur fjöldi listamanna lagt sitt af mörkum til að skapa nýtt og spennandi efni. Afraksturinn ber þess ódulin merki, því hér hefur vel tekist til. ■

NIÐURSTAÐA: Falleg og vönduð bók sem leiðir börn á vit bóklestars með ljóðum og söng.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN Í
MEST LESNA
DAGBLAÐI LANDSINS!*

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóstinn en inni í Fréttablaðinu en kynningarefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

46,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **25 - 80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5000** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

*** Samkvæmt prentmælingum Gallup**

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

EXTRA

2799 kr.pk.

KIRKLAND ROLL KITCHEN TOWEL PAKKNING 12 STK

2579 kr.pk.

KIRKLAND TRIPLE SATIN WC PAPER 4X10

1549 kr.pk.

KIRKLAND SPARKLING WATER 40X500 ML

okkar uppáhalds úr

COSTCO WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Herrahornið (e) Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja girða sig almennilega í brók og líta út fyrir að vera fágaðir, flottir á því og virkilega móðins.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál - Kristján Hreinsson Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

08.00 Ólympíumót fatlaðra Bein útsending frá keppni í sundi.
09.55 Ólympíumót fatlaðra Bein útsending frá keppni í frjálsíþróttum.
11.50 Heimaleikfimi
12.00 Kastljós
12.15 Menningin
12.25 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
13.35 Útúrdúr Myndir á þili – stefnumót við tvö tónskáld.
14.20 Sænskar krásir
14.30 Með okkar augum
15.00 Út og suður
15.25 Kæra dagbók
15.55 Heilabrot Almennt um geðheilsu.
16.25 Gestir og gjörningar Fjörukráin.
17.20 Húsbyggingar okkar tíma
17.50 Bækur og staðir
18.00 Fréttir og veður
18.10 HM stofan Upphitun á leik Íslands og Rúmeníu.
18.35 Ísland - Rúmenía Bein útsending frá leik í undankeppni HM karla í fótbolta.
20.30 HM stofan Uppgjör á leik Íslands og Rúmeníu.
21.00 Svarti baróninn Baron Noir
22.00 Tíufréttir
22.20 Veður
22.25 Babýlon Berlín Babylon Berlin
23.15 Hvíti víkingurinn Kvikmynd í fjórum hlutum eftir Hrafn Gunnlaugsson um unga parið Ask og Emblu sem lifir á tímum mikilla átaka milli ásatrúar og kristni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.30 Louis Theroux - Takmarkalaus ást Louis Theroux's Altered States. Love Without Limits
01.30 Lamandi ótti - Ditte Fanget af angst
01.50 Ólympíumót fatlaðra Bein útsending frá keppni í sundi.
02.20 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.35 PGA Special. This is the Mackenzie Tour 2021
10.00 2021 Legends Tour- Highlights
11.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
11.30 European Tour Bein útsending frá Italian Open.
16.30 PGA Tour. The Cut
17.00 PGA Tour Bein útsending frá TOUR Championship.
22.00 The Curtis Cup - Highlights Show
23.40 AIG Women's Open 2021 - Official Film

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Ást
20.35 The Unicorn
21.00 9-1-1 Dramatísk þáttaröð um fólkið sem sent er á vettvang þegar hringt er í neyðarlínuna.
21.50 Walker
22.35 Love Island
23.25 The Royals
00.10 The Late Late Show
00.55 New Amsterdam
02.00 Law and Order. Special Victims Unit
02.45 Yellowstone Dramatísk þáttaröð með Kevin Costner í aðalhlutverki. Dutton-fjölskyldan á stærsta búgarð Bandaríkjanna en landareign fjölskyldunnar liggur upp að verndarsvæði indíána og fram undan er hatrömm barátta.
03.50 Love Island

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Eplakjarninn mætir Vindhviðunni.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Simon Rattle stjórnar Stravinskíj á Proms.
20.35 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.15 Batman. Hush
13.35 2 Years of Love
15.05 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið.
16.35 Batman. Hush
17.55 2 Years of Love
19.25 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me
21.00 After the Wedding
22.45 Bad Boys for Life
00.50 Ben is Back
02.30 After the Wedding

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.25 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Gilmore Girls
10.50 Blindur bakstur
11.20 Friends
11.45 Nettir kettir
12.35 Nágrannar
12.55 God Friended Me
13.35 Modern Family
14.00 Shipwrecked
14.45 Flirty Dancing
15.35 Your Home Made Perfect
16.40 The Heart Guy
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Temptation Island Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem ástin er í aðalhlutverki.
19.55 Hell's Kitchen
20.40 Spartan. Ultimate Team Challenge
21.25 Timber Creek Lodge
22.10 NCIS. New Orleans
22.55 Real Time With Bill Maher
23.55 Animal Kingdom
00.40 War of the Worlds
01.30 Wentworth
02.20 The Righteous Gemstones Geggjaðir þættir úr smiðju HBO með Danny McBride, John Goodman og Adam Devine í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um heimsfræga sjónvarpsprédikarafjölskyldu sem á velgengni sína að þakka fylgjendum sem dýrka hana og dá.
02.50 The Mentalist
03.35 The Good Doctor
04.15 Gilmore Girls

Stöð 2 Sport

08.35 Valur - Skallagrímur Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
10.00 Stjarnan - KR 2011
10.35 Fjölnir - Haukar Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
12.10 Haukar - Valur Útsending frá leik í Olís-deild karla.
13.35 Fram - ÍR
15.00 Fram - ÍBV Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
16.20 Tindastóll - Keflavík Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
18.00 Valur - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
19.40 Pepsi Max Stúkan
20.45 Fram - Valur Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
22.00 Valur - KR Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
23.20 Þór Þ. - Grindavík Útsending frá leik í Dominos-deild karla.

Stöð 2 Sport 2

08.20 Markaþáttur HM 2022
08.45 Danmörk - Skotland
10.25 Football League Show
10.50 Derby - Nottingham Forest
12.30 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys
13.25 Noregur - Holland
15.10 Häcken - Hammarby
16.50 Danmörk - Skotland
18.35 Ungverjaland - England Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
20.45 Markaþáttur HM 2022
21.15 Noregur - Holland
22.55 Svíþjóð - Spánn

LAUGARDAG

KVISS

Vinsæli spurningaþátturinn Kviss snýr aftur þar sem að þekktir Íslendingar keppa fyrir hönd sinna íþróttafélaga. Spurningar eru úr öllum áttum og það lið sem stendur uppi sem sigurvegari verður krýnt Íslandsmeistari í Kviss 2021. Ekki missa af hörkuspennandi viðureignum í Kviss á Stöð 2.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

BAUHAUS®

LAGER-HREINSUN

40-70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Komdu og sjáðu úrvalið í vöruhúsinu



ÞAR SEM ÞETTA ER LAGERHREINSUN ER EKKI VÍST AÐ ALLAR GERÐIR ERU TIL OG GÆTU SELST UPP Á MEÐAN LAGERHREINSUN STENDUR

LAGER-HREINSUN

30%

AFSLÁTTUR

AF SÓLSELLU-LJÓSUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudeginum 19. ágúst til og með sunnudeginum 22. ágúst.

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Fáðu nýjar hugmyndir og deildu þínum á:
#alltbyrjaribauhaus

weber

Gasgrill Q3200

2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.

Yfirbreiðsla 9.995.-

Kjarakaup

79.895.-

~~84.995.-~~

Rafíþróttir eru komnar til að vera

Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is

Rafíþróttaleikvangurinn Arena verður opnaður á næstu dögum. Donna Cruz markaðsstjóri og Þórir Viðarsson yfirþjálfari Arena vilja efla senuna á Íslandi og segja mörgu ábótavant í tölvuleikjasenunni á Íslandi.

Í febrúar var tilkynnt um að rafíþróttaleikvangurinn Arena yrði opnaður í Turninum í Kópavogi á árinu þar sem hægt yrði að spila og nálgast viðburði tengda tölvuleikjum. Donna Cruz, sem starfar nú sem markaðsstjóri Arena, hefur spilað tölvuleiki frá blautu barnsbeini og vissi um leið og hún heyrði af leikvanginum að hún vildi taka þátt í uppbyggingu hans.

„Ég byrjaði að spila tölvuleiki þegar ég fékk fyrstu Playstation-vélina mína og fór að spila leiki eins og Tarzan og Jurassic Park sex ára gömul," segir hún. „Ég fór svo meira að spila á borðtölvu þegar ég varð eldri, en spilunin minnkaði svo með árunum. Þegar maður fullorðnast þarf maður víst að axla meiri ábyrgð – eins leiðinlegt og það er."

> **Ef við viljum gera þetta af alvöru, þá þurfum við að tækla þetta eins og þetta sé alvöru.**
>
> Donna Cruz.

Donna segir tölvuleikjasenuna á Íslandi hafa verið ansi sveitta áður fyrr en nú standi til að sinna henni af alvöru. „Við viljum bæði bjóða upp á fyrsta flokks keppnis- og æfingaaðstöðu fyrir rafíþróttafólk en líka aðstöðu þar sem fólk getur mætt og spilað með vinum sínum eftir vinnu," segir hún. „Öllum rafíþróttaútsendingum verður streymt úr stúdíói sem Rafíþróttasamtök Íslands verða með hjá okkur. Það hafa auðvitað verið staðir á landinu þar sem fólk gat komið til að spila tölvuleiki, en við viljum færa þetta upp á næsta level."

Þótt það sjáist ekki á þeim eru Donna og Þórir bæði hokin af reynslu í tölvuleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Aðbúnaðurinn í Arena verður fyrsta flokks. MYND/AÐSEND

Þá fullvissar Donna hungraða tölvuleikjaspilara um að þeir þurfi ekki að örvænta þar sem hægt verði að fá sér gómsætan mat á veitingastaðnum Bytes. Þar muni þeim pikkföstustu standa til boða að fá mat og drykk afhent beint að lyklaborðinu.

Senan er eftir á

Þórir Viðarsson, sem starfar sem yfirþjálfari hjá Arena, segir Ísland eiga mikið verk óunnið þegar kemur að rafíþróttum. „Senan hérna á Íslandi í dag er tveimur árum eftir á," segir hann. „Lönd eins og Danmörk, Svíþjóð og Bandaríkin eru komin lengra á veg í þessum málum en við, en með því að opna vettvang eins og þennan erum við að taka stórt skref í rafíþróttum."

Þórir kemur til með að halda utan um tölvuleikjaæfingar sem haldnar verða í Arena tvisvar í viku í samstarfi við rafíþróttadeild Breiðabliks. Hann segir uppbygginguna í grunninn ekki ósvipaða og á hefðbundnum íþróttaæfingum.

„Krakkarnir mæta í níutíu mínútur í senn og hver æfing byrjar á líkamlegum æfingum og fræðslu," segir Þórir. „Eftir það förum við og tökum upphitun í leik þar sem við verðum að æfa einhverja ákveðna taktík eða þjálfa einhverja sérstaka hæfni. Svo tökum við smá pásu og eftir það tökum við skipulagða keppni. Við leggjum mikinn metnað í að gera þetta eins og vel og við getum."

Donna bætir við að einnig verði lagt mikið upp úr að kenna krökkunum réttar siðareglur. „Við viljum kenna þeim að tala við fólk eins og það sé fyrir framan þau en ekki hinum megin við skjáinn," segir hún. „Ef við viljum gera þetta af alvöru, þá þurfum við að tækla þetta eins og þetta sé alvöru. Rafíþróttir eru komnar til að vera."

Ekki bara strákaklúbbur

Donna og Þórir segja að til standi að halda uppi öflugri tölvuleikjatengdri dagskrá í Arena þar sem má meðal annars finna áhorfspartí, keppnismót eða jafnvel byggingarkeppni í The Sims. Þá verða einnig haldin sérstök kvöld í samstarfi við TÍK, Tölvuleikjasambands íslenskra kvenna.

„Okkur langar mikið að efla tölvuleikjasamfélagið þegar kemur að stelpum," segir Donna sem þekkir af biturri reynslu hve eitrað andrúmsloftið í leikjasamfélaginu getur verið. „Þótt það hafi breyst til hins betra á undanförnum árum þá hefur það ekki breyst nóg. Besta leiðin til að vinna gegn þessu eitraða andrúmslofti í tölvuleikjasamfélaginu er að hafa stelpur sýnilegri. Þetta er enginn strákaklúbbur – og sá hugsunarháttur er bara úreltur. Við vonum að þessi kvöld í samstarfi við TÍK muni brjóta ísinn og opna á að fleiri stelpur taki þátt í tölvuleikjum." ■

NÝ SENDING

Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS

ZIKZAK TÍSKUHÚS

Peysa
9.990,-
st.S-XXXL

Vesti
8.990,-
st.42-56

Peysa
7.990,-
st.42-56

Túnika
10.990,-
st.42-56

Túnika
12.990,-
st.42-56

Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL

Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL

Kjóll
5.990,-
st.S-XXXL

Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL

Skyrta
6.990,-
st.XS-XXXL

Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL

FRÍ
heimsending þegar verslað er fyrir **5.000,-** eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS

KJÓLL
7.990,-
st. S-XXXL

Plastlaus september allt árið hjá Ásdísi

Ásdís Ólafsdóttir er einn forsvarsmanna Plastlauss september. Plastvandinn er mikill og það er mikilvægt að hann verði tekinn föstum tökum.

steingerdur@frettabladis.is

Átaktið Plastlaus september hefur gengið gífurlega vel hingað til að sögn Ásdísar Ólafsdóttur sem er hér, vinstra megin á myndinni, við hlið Kolbrúnar Halldórsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrir fjórum árum sátu nokkrar vinkonur á spjalli og ræddu um umhverfismál og sniðugar leiðir til að vera umhverfisvænni. Þær veltu fyrir sér af hverju plastvandinn væri ekki tekinn fastari tökum hérlendis en uppgötvuðu svo að þær gætu sjálfar gert heilmikið. Þessar vinkonur fengu liðsauka, söfnuðu styrkjum og stofnuðu grasrótarsamtökin Plastlaus september.

„Plastlaus september er átaksmánuður til að vekja fólk til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til dagsdaglega og sýna leiðir til að minnka notkunina. Síðan þá hefur átakið vaxið og dafnað og fleiri aðilar bæst í hópinn," útskýrir Ásdís Ólafsdóttir. Það hefur gengið afar vel að sögn Ásdísar.

Framkvæmdahópurinn samanstendur af öflugum konum úr ýmsum áttum og verkefnin á bak við svona árverknisátak eru fjölmörg sem hópurinn vinnur að yfir nánast allt árið.

„Áhrifin eru töluverð, við merkjum það bæði á þeim skilaboðum sem við fáum frá einstaklingum í gegnum samfélagsmiðla sem og þær lausnir á plast-staðgenglum sem eru aðgengilegir í verslunum í dag. Fyrirtæki hérlendis eru mörg hver að hugsa stórt í að minnka eða takmarka verulega plastnotkun hjá sér. Svo eru magnaðir einstaklingar eins og Tómas Knútsson í Bláa hernum og allir þeir sem eru að plokka sem minna okkur á að baráttunni við plastruslið er hvergi nærri lokið," útskýrir Ásdís.

Ógnvænlegri myndir

Plast er unnið úr jarðefnaeldsneyti og við ættum að velta fyrir okkur hvort það sé góð nýting á auðlind að framleiða úr olíunni allt þetta plast sem við í svo mörgum tilfellum notum mjög stutt og hendum svo.

„Við höfum sennilegast öll séð ógnvænlegar myndir, bæði frá öðrum löndum og héðan, af því hvar plast hefur ratað í maga dýra eða vafist utan um þau og hvernig það hefur myndað heilu ruslaeyjarnar í hafinu. Þessar myndir sýna okkur einungis stóru plastagnirnar, ekki alla þá milljarða örplastagna sem eru í hafi, lofti, í lífverum og í jarðvegi. Örplast verður til dæmis til þegar stærri plastagnir brotna niður og það verður líklega eitt af okkar stærstu umhverfisvandamálum ef við förum ekki að girða okkur verulega í brók."

Plast er einnig eitt af þeim endurvinnsluhráefnum sem offramboð er af í heiminum og suma plastflokka er einfaldlega ekki hægt að endurvinna.

„Endurvinnsla verður því aldrei lausnin á plastvandanum, þó svo hún sé vissulega gott og gilt verkfæri. Við í Plastlausum september hvetjum alla til að láta endurvinna allt plast en hvetjum fólk á sama tíma til þess að leggja kapp á að draga úr notkun plasts í leik og starfi," segir Ásdís.

> **Við í Plastlausum september hvetjum alla til að láta endurvinna allt plast en hvetjum fólk á sama tíma til þess að leggja kapp á að draga úr notkun plasts í leik og starfi.**

Mörg íblöndunarefni

Er hreinlega mögulegt að forðast algjörlega plast?

„Það er eflaust hægt með því að eiga ekki bíl, nota einungis föt úr náttúrulegum efnum, kaupa umbúðalaust eða einungis það sem er í gleri eða pappa og rækta nánast allan sinn mat sjálfur. Samt er ég smeyk um að það dugi ekki til því plast er svo víða. Þetta er allavega áskorun.

Í plasti eru alls konar íblöndunarefni sem gera plastið til dæmis endingarbetra, hitaþolið og mýkra," útskýrir Ásdís. „Þessi íblöndunarefni hafa mörg hver skaðleg áhrif á okkur bæði þegar við notum það og einnig þegar plastið er urðað og brennt. Íblöndunarefnin hafa til dæmis hormónatruflandi áhrif á okkur og mörg þessara efna eru óstöðug, það er að þau geta lekið út í vöruna sem plastið er utan um. Þalöt eru eitt af þessum íblöndunarefnum í plasti sem við ættum að forðast, sérstaklega barnshafandi konur og börn, því þalöt virðast hafa neikvæð áhrif á taugaþroska," segir hún.

Stöðugt að læra

Skaðsemi plasts heldur áfram þegar við höfum losað okkur við það því við brennslu myndast eiturgufur og þegar plast er urðað þá brotnar það niður í örplast.

„Þetta hófst árið 2017 og hafa viðburðir tengdir Plastlausum september verið árlegir og um nánast allt land."

Það má því svo sannarlega segja að það sé Plastlaus september allt árið hjá mörgum.

„Sérstaklega þegar það kemur að mat og drykk að geyma eða hita aldrei mat í plasti, nota glerbrúsa og ég fæ mér helst ekki drykki úr einnota málum. Við í Plastlausum september reynum okkar allra besta til að forðast plast eins og mögulegt er. Í dag er framboðið á plastlausum vörum orðið svo gott, bæði mikið úrval og á góðu verði.

Við erum stöðugt að læra eitthvað nýtt um plast og markmiðið okkar í Plastlausum september er að upplýsa fólk um hvað sé hægt að nota í staðinn fyrir plast því við viljum breyta til hins betra," segir Ásdís. ■

EMBRACE CHAOS®

SURVEYOR TO THE ROYAL COURT OF SWEDEN

Ímyndaðu þér að vakna, tilbúinn í allt sem lífið hefur upp á að bjóða.

Svefn eykur lífsgæði þín. Hversu vel þú sefur ræður því hversu vakandi og tilbúinn þú ert fyrir það sem lífið býður upp á. Það er á vökutímanum sem þú sannreynir hversu vel þú hefur sofið.
Hästens framleiðir handsmíðuð rúm í hæsta gæðaflokki. Það sem þú finnur þegar gormar, hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærri 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að góðum degi.
Hästens-upplifun er eins og hlýtt og notalegt faðmlag. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Hästens®
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

Sealy **PORTLAND**

heilsurúm með classic botni

Gæði á góðu verði.

Portland er með góðum og sterkum pokagormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Sealy Portland fæst í eftirtöldum stæðum:
120 x 200 og 180 x 210 cm

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 160.900 kr. **AD tilboð: 128.720 kr.**

Sealy **BROOKLYN**

heilsurúm – dýna, botn, fætur og gafl

Amerískir DAGAR 20% AFSLÁTTUR

Brooklyn heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í gráu sléttflaueli. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Brooklyn 160 x 200 cm heilsurúm – Fullt verð: 279.900 kr.
Aðeins **223.920 kr.**

Brooklyn 180 x 200 cm heilsurúm – Fullt verð: 299.900 kr.
239.920 kr.

Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með classic botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

Sealy Washington fæst í eftirtöldum stæðum:
160/180/200 x 200 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 160 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 269.900 kr. **AD tilboð: 215.920 kr.**

Sealy er annar stærsti dýnuframleiðandi í heimi og hefur verið starfandi í 140 ár.

Sealy **HYATT** heilsurúm með classic botni

Sealy Hyatt heilsudýnan er sérstaklega framleidd fyrir *Hyatt* lúxus hótelkeðjuna um heim allan.

Hún er gerð úr *Posturpedic* gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg ár.

Aðaláherslan í þróun á þessu gormakerfi er líkamsstaðan. Þrír mikilvægustu punktarnir í þróuninni voru stuðningur, þægindi og ending. Til þess að ná hámarks slökun veitir Sealy Hyatt dýnan líkamanum fullkominn stuðning.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Það er 6 mismunandi svamplög í dýnunni og þau ásamt náttúrulegum trefjum og þykkum toppi gera það að verkum að þú hvílist fullkomlega og snýrð þér mun minna en í venjulegri gormadýnu

Dýnan er með Oek-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni.

Sealy HYATT fæst í eftirtöldum stæðum:
140/160/180/200 x 200 og 180 x 210 og 192 x 203 cm

Verðdæmi 140 x 200 cm m/Classic botni og löppum
Fullt verð: 241.900 kr. **AD tilboð: 193.520 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11–18
Laugard. kl. 11–17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingareru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Sealy

Amerískir dagar



Þetta hófst allt árið 1881 í smábænum Sealy í Texas. Það var þá sem Daniel Haynes bjó til eitthvað alveg sérstakt. Eitthvað einfalt en um leið byltingarkennt; bómullarfyllta dýnu. Þetta gerði hann fyrir fjölskyldu sína og vini og í framhaldi vini þeirra.

Sealy

Styður við bakið á þér!

www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF OPIN

Jákvætt orðspor Sealy hélt áfram að breiðast út. Vissulega hafa rúmin okkar breyst og þróast frá frumgerð Daníels en þau eru enn framleidd af sömu ástríðu og með það að markmiði að skila sem bestum svefni. Það hefur ekkert breyst frá 1881.

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Krísur

Reglulega verðum við vitni að alvarlegum krísum hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Til er fín greining Williams Benoit á fimm mismunandi tegundum viðbragða við krísum, sem er ágætt að pæla aðeins í.

Afneitun. Hér er öllu neitað og ásökunum vísað á bug.

Forðun. Gott dæmi er ögrun, það sem olli krísunni var viðbragð við einhvers konar ögrun (ég var sleginn fyrst). Annað dæmi er vanþekking, viðkomandi vissi ekki betur. Þriðja viðbragðið eru ytri aðstæður. Ég var þreyttur og þess vegna varð ég dauðadrukkinn. Fjórða viðbragðið snýr að því að ætlun viðkomandi hafi verið góð og því eigi að horfa til þess frekar en afleiðinga sem ollu krísunni.

Dregið úr. Hér er oft reynt að beina sjónum frá vandanum og í aðra átt. Til dæmis þegar dregnir eru fram jákvæðir þættir í fari þess sem situr undir ásökunum í stað þess að svara fyrir krísuna. Annað dæmi er þegar dregið er úr alvarleika þess sem olli krísunni og það smættað með því að setja það í samhengi við eitthvað miklu stærra og verra. Þekktasta dæmið í þessum flokki er svo þegar ráðist er á ásakandann og reynt að gera hann ótrúverðugan. Síðasta viðbragðið er svo þegar er reynt að bæta fyrir brot til dæmis með peningum og um leið draga úr neikvæðum áhrifum atburðarins.

Breytum rétt. Hér er boðað að það sem fór úrskeiðis verði lagað eða verkferlar endurbættir svo þetta endurtaki sig ekki.

Full ábyrgð. Hér er gengist við ábyrgð og beðið um fyrirgefningu.

Því alvarlegri sem krísan er, því líklegra er að sýna þurfi fulla ábyrgð og biðjast afsökunar og fyrirgefningar. Reynslan hefur líka sýnt að þeir sem gera það koma oft betur út úr slíkum málum þegar frá líður. Svo á alltaf að segja satt og rétt frá, en það veistu. ■